

Skýrsla

um starfsemi

Hafrannsóknastofnunarinnar 1988



Hafrannsóknir — 40. hefti

Skýrsla
um starfsemi
Hafrannsóknastofnunarinnar 1988

Útgefandi:
HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN
Skúlagötu 4, Reykjavík

Ritstjórn:
EIRÍKUR P. EINARSSON
GUNNAR JÓNSSON
HRAFNKELL EIRÍKSSON

ISSN 0258 – 381X

REYKJAVÍK
HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN
1989

Prentvinnsla: Prentsmiðja Hafnarfjarðar hf.

Efnisyfirlit

Contents

| | |
|---|----|
| Formáli <i>Forewords</i> | 5 |
| Hafrannsóknastofnunin 1988 <i>Marine Research Institute 1988</i> | 8 |
| Stjórn <i>Steering board</i> | 8 |
| Ráðgjafanefnd <i>Advisory committee</i> | 8 |
| Starfsmenn í árslok 1988 <i>Staff list 1988</i> | 9 |
| Áhafnir rannsóknaskipa í árslok 1988 <i>Crew members 1988</i> | 12 |
| Rannsóknir Hafrannsóknastofnunar 1988 <i>Activities 1988</i> | 14 |
| Sjó- og vistfræði <i>Div. of Oceanography and Ecology</i> | 14 |
| Eðlisfræði sjávar <i>Physical oceanography</i> | 14 |
| Efnifræði <i>Chemical oceanography</i> | 16 |
| Hitamælingar <i>Temperature measurements</i> | 18 |
| Jarðfræði <i>Marine geology</i> | 18 |
| Plöntusvif <i>Phytoplankton</i> | 19 |
| Dýrasvif <i>Zooplankton</i> | 20 |
| Vistfræðirannsóknir í Ísafjarðardjúpi <i>Ecology of Ísafjarðardjúpi</i> | 21 |
| Nytjastofnasvið <i>Div. of Fish and Fisheries</i> | 22 |
| Rækja <i>Shrimp</i> | 22 |
| Humar <i>Nephrops</i> | 24 |
| Hörpudiskur <i>Iceland scallop</i> | 24 |
| Krabbar og kuðungar <i>Crabs and whelks</i> | 25 |
| Fiskseiði <i>0-group fish</i> | 25 |
| Síld <i>Herring</i> | 25 |
| Hringormasýking í síld <i>Nematoda in herring</i> | 26 |
| Loðna <i>Capelin</i> | 26 |
| Grænlandsporskur á Íslandsmiðum <i>Cod from Greenland</i> | 27 |
| Ýsa <i>Haddock</i> | 28 |
| Grálúða <i>Greenland halibut</i> | 28 |
| Skarkoli <i>Plaice</i> | 28 |
| Lúða <i>Halibut</i> | 29 |
| Langlúra <i>Witch</i> | 29 |

| | |
|---|----|
| Sandkoli <i>Dab</i> | 29 |
| Steinbítur <i>Wolffish</i> | 29 |
| Karfi <i>Redfish</i> | 30 |
| Hrognkelsi <i>Lumpfish</i> | 30 |
| Djúpfiskar <i>Deep sea fishes</i> | 31 |
| Nýjar og sjaldséðar fisktegundir <i>Rare fish</i> | 32 |
| Skýrslugerð veiðiskipa <i>Data from commercial vessels</i> | 32 |
| Stofnmæling botnfiska á Íslandsmiðum <i>Groundfish survey</i> | 33 |
| Fæðurannsóknir <i>Stomach content</i> | 34 |
| Hvalrannsóknir <i>Whale research</i> | 35 |
| Eldi sjávarlífvera <i>Fish farming</i> | 40 |
| Veiðarfæri <i>Fishing gear</i> | 42 |
| Reiknideild <i>Dept. of computing</i> | 44 |
| Útibú Hafrannsóknastofnunar <i>Branch laboratories</i> | 46 |
| Útibú Ólafsvík | 46 |
| Útibú Ísafirði | 46 |
| Útibú Húsavík | 47 |
| Útibú Höfn, Hornafirði | 47 |
| Útibú Vestmannaeyjum | 48 |
| Rekstrarreikningur <i>Operating expenses</i> | 50 |
| English summary | 52 |
| Leiðangrar 1988 <i>Cruises 1988</i> | 54 |
| Rs. Árni Friðriksson | 55 |
| Rs. Bjarni Sæmundsson | 56 |
| Rs. Dröfn | 57 |
| Aðrir leiðangrar | 58 |
| Ritgerðir 1988 <i>Publications 1988</i> | 61 |
| Erindi 1988 <i>Lectures 1988</i> | 70 |
| Ráðstefnur, fundir og kynnisferðir 1988 <i>Conferences 1988</i> | 74 |
| Myndbönd <i>Video tapes 1988</i> | 78 |
| Umræðufundir 1988 <i>Inhouse meetings</i> | 78 |

Formáli

Starfsemi Hafrannsóknastofnunarinnar árið 1988 var með hefðbundnum hætti. Fram var haldið þeirri stefnu að efla rannsóknir á nytjastofnum og bæta þann vísindalega grunn sem fiskveiðiráðgjöf stofnunarinnar byggir á. Þar má nefna að hið svokallaða togararall þ.e.a.s. stofnmælingu botnfiska var fram haldið í fjórða sinn en til þessa verkefnis eru leigðir fimm togarar sem tóku 550 togstöðvar hringinn í kringum landið á u.þ.b. 20 dögum. Mikil áhersla var lögð á bættu úrvinnslu hvers kyns gagna sem safnað er og í því skyni var tölvukostur stofnunarinnar aukinn til muna þannig að sett var upp svonefnt staðarnet með vinnustöðvum í stað móðurtölvu og útstöðva sem áður voru notaðar. Vinnustöðvanetið gerir að verkum að einfalt er að stækka það í áföngum og aðeins þar sem skórinn kreppir hverju sinni.

Áfram var unnið að alþjóðarannsóknnum á hafsvæðinu milli Svalbarða, Jan Mayen, Austur Grænlands og suður í Grænlandssund. Þetta er svonefnt „Greenland Sea Project“ 1987–1992. Í tengslum við þetta verkefni fóru Íslendingar og Danir í sameiginlegan leiðangur á rs. Bjarna Sæmundssyni í september. Í leiðangrinum voru gerðar umfangsmiklar sjó- og vistfræðirannsóknir og var m.a. 27 straummælum lagt við dufl til eins árs á 8 stöðum milli Austur Grænlands og Jan Mayen allt niður á 1.600 metra dýpi. Þetta er langmesta átak okkar á sviði straummælinga til þessa.

Að frumkvæði stofnunarinnar var svokallaður leggpoki tekinn í notkun við rækjuveiðar í Ísafjardardjúpi og Húnaflóa. Þessi breyting hafði í för með sér að miklu minna fæst nú af fiskseiðum og smárækju en áður fékkst með hefðbundnum poka.

Árið 1988 var fyrsta ár 5 ára áætlunar sem gerir ráð fyrir því að framlög til Hafrannsóknastofnunar aukist um 10% á ári þannig að starfsemin hafi eflst um 50% að loknu tímabilinu árið 1992.

Vegna mikillar umræðu á Alþingi um Hafrannsóknastofnunina í tengslum við mótun fiskveiðistefnu í byrjun ársins var formönnum

allra þingflokka ritað bréf og þeim boðið í opið hús á Hafrannsóknastofnun. Fjórir þingflokkar, Sjálfstæðisflokkur, Framsóknarflokkur, Alþýðubandalag og Kvinnalisti nýttu sér þetta boð og var því fylgt eftir með ráðstefnu að Borgartúni 6 þann 3. mars þar sem þingmönnum var gerð grein fyrir vinnubrögðum á stofnuninni og helstu viðfangsefnum sem þar er nú unnið að. Gerðu þingmenn góðan róm að þessu tiltæki og samþykktu þingsályktunartillögu í lok þingsins um að fjárveitingar til stofnunarinnar skyldu auknar í samræmi við nýja 5 ára áætlun hennar. Því miður hefur fjárveitingarvaldið ekki tekið til lit til þessarar þingsályktunartillögu.

Árið 1988 var þriðja ár hinnar miklu hvalrannsóknáætlunar stofnunarinnar. Unnið var úr niðurstöðum talninga frá árinu áður og þær lagðar fyrir Alþjóðahvalveiðiráðið.

Þrjár alþjóðlegir fundir á vegum Alþjóðahafrannsóknaráðsins voru haldnir á stofnuninni. Svokölluð gagnanefnd og vinnuhópur um sjófræði grunnsjávar hittust í júní og um mánaðarmótin júní/júlí var haldinn fundur í vinnunefnd Alþjóðahafrannsóknaráðsins um aðferðarfræði við úttekt fiskstofna. Þóttu fundir þessir takast með miklum ágætum.

Hinn 2. nóvember afhenti sjávarútvegsráðherra stofnuninni 500 m² tilraunaeldisstöð að Stað við Grindavík. Hefur hún gerbreytt allri aðstöðu við rannsóknir á eldi sjávardýra. Stöðin hefur verið fullnýtt frá byrjun.

Árið 1988 var svokallað norrænt tækniár. Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins þ.e.a.s. Hafrannsóknastofnun og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins tóku þátt í því með opnu húsi að Skúlagötu 4 þann 20. nóvember. Fjölmenni varð mikið að Skúlagötu 4 og urðu gestir þar og um borð í Bjarna Sæmundssyni um 3.000 talsins.

Úthaldstími rannsóknaskipanna 1987 og 1988 var sem hér segir:

| Úthaldstími 1987 | dagar | Úthaldstími 1988 | dagar |
|-------------------|-------|-------------------|-------|
| Bjarni Sæmundsson | 179 | Bjarni Sæmundsson | 135 |
| Árni Friðriksson | 152 | Árni Friðriksson | 209 |
| Dröfn | 163 | Dröfn | 159 |

Samtals eru þetta 494 dagar árið 1987 og 503 dagar árið 1988. Þetta er talsvert lengra úthald en 1986 en þá voru skipin aðeins gerð út í 406 daga. Til skipaútgerðarinnar árið 1987 var varið kr. 118.773.324.- eða 52% af heildarútgjöldum stofnunarinnar það ár.

Eins og fram kemur á yfirliti um rekstur stofnunarinnar voru niðurstöður ársreiknings árið 1988 kr. 293.012.697.- Þetta er um 29% hækkun frá 1987. Heildarkostnaður vegna skipaútgerðar var um 132 milljónir króna eða rétt 45% af útgjöldum. Þess ber að geta að kostnaður við byggingu tilraunaeldisstöðvarinnar að Stað er inni í útgjalda-tölnunni 1988 og veldur því að hlutfall skipareksturs er óvenju lágt árið 1988.

Hafrannsóknastofnun 1988

Marine Research Institute 1988

Stjórn *Steering board*

Páll Guðmundsson, formaður *chairman*
Eiríkur Tómasson
Guðrún Helgadóttir
Hólmgeir Jónsson
Þorsteinn Gíslason

Ráðgjafanefnd *Advisory committee*

Björn Dagbjartsson formaður (*chairman*), tilnefndur af Rannsóknaráði ríkisins
Kristján Ragnarsson varaformaður, tilnefndur af Landssambandi íslenskra útvegsmanna
Þórður Eypórsson ritari, tilnefndur af Sjávarútvegsráðuneyti
Guðjón A. Kristjánsson, tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands
Gunnlaugur Karlsson, tilnefndur af Fiskifélagi Íslands
Björn Æ. Steinarsson, tilnefndur af sérfræðingum Hafrannsóknastofnunar
Gunnar Stefánsson, tilnefndur af sérfræðingum Hafrannsóknastofnunar
Ólafur S. Ástþórsson, tilnefndur af sérfræðingum Hafrannsóknastofnunar
Unnur Skúladóttir, tilnefnd af sérfræðingum Hafrannsóknastofnunar
Friðrik Sigurðsson, tilnefndur af Landssambandi fiskeldis- og hafbeitarstöðva
Ragnar Ólafsson, tilnefndur af Landssambandi íslenskra útvegsmanna
Sveinbjörn Jónsson, tilnefndur af Landssambandi smábátaeigenda
Þorkell Helgason, tilnefndur af Raunvísindastofnun Háskóla Íslands

Óskar Vigfússon, tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands
Guðjón Ármann Eyjólfsson, tilnefndur af Stýrimannaskólanum í Reykjavík
Sigfús Kristmannsson, tilnefndur af Tækniskóla Íslands

Starfsmenn í árslok 1988 *Staff 1988*

YFIRSTJÓRN (*Board of directors*)

Jakob Jakobsson forstjóri (*director*)
Jakob Magnússon aðstoðarforstjóri (*assistant director*)
Vignir Thoroddsen aðstoðarforstjóri (*assistant director*)

SKRIFSTOFA (*Office staff*)

Kristín Jóhannsdóttir fulltrúi
Guðrún Árnadóttir fulltrúi
Sigríður Sigurðardóttir kaffiúmsjónarkona

SJÓ- OG VISTFRÆÐISVIÐ (*Div. of Oceanography and Ecology*)

Jón Ólafsson sviðsstjóri (*head of division*)
Sérfræðingar (*scientists*): Guðrún Helgadóttir, Kjartan Thors, Kristinn Guðmundsson, Ólafur Ástþórsson, Stefán S. Kristmannsson, Svend-Aage Malmberg (gegndi starfi sviðsstjóra í 4 mán.), Þórunn Þórðardóttir. Ástþór Gíslason og Jóhann Helgason unnu hluta af árinu. Karl Gunnarsson var í leyfi frá störfum.

Rannsóknamenn (*assistants*): Guðmundur Sv. Jónsson, Jóhannes Briem, Jón Benjamínsson, Jón Friðriksson, Konráð Þórisson, Sigþrúður Jónsdóttir.

NYTJASTOFNASVIÐ (*Div. of Fish and Fisheries*)

Hjálmar Vilhjálmsson sviðsstjóri (*head of division*)
Sérfræðingar (*scientists*): Björn Björnsson, Björn Æ. Steinarsson, Einar Jónsson, Gísli Víkingsson, Guðni Þorsteinsson, Guðrún G. Þórarinsdóttir, Gunnar Jónsson, Hrafnkell Eiríksson, Ingvar Hallgrímsson (í 50% starfi), Jóhann Sigurjónsson, Jón Jónsson (í 60% starfi), Ólafur

K. Pálsson, Sigfús A. Schopka, Sólmundur T. Einarsson, Sveinn Sveinbjörnsson, Unnur Skúladóttir, Viðar Helgason, Vilhelmina Vilhelmsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorvaldur Gunnlaugsson. Aðalsteinn Sigurðsson lét af störfum á árinu.

Rannsóknamenn (*assistants*): Aðalbjörg Erlendsdóttir, Albert Stefánsson, Anton Galan, Atli Konráðsson, Ásgeir Gunnarsson, Björk E. Jónsdóttir, Edda Guðnadóttir, Egill Jónsson, Gísli Ólafsson, Jón Bogason, Magnús Stephensen, Sigfús Jóhannesson, Sigrún Sturlaugsdóttir (í 50% starfi), Sigurður Gunnarsson, Sigurður Þ. Jónsson, Stefán Brynjólfsson, Sverrir D. Halldórsson, Þorsteinn Jónsson (í 50% starfi), Þórður V. Viðarsson.

Árni Alfreðsson, Eyþór Þórðarson, Benjamín Gíslason, Geir Oddsson, Gunnar Örvarsson, Halldór Konráðsson, Halldór Zoëga, Haraldur Þ. Guðmundsson og Þorsteinn Sigurðsson unnu hluta úr árinu.

REIKNIDEILD (*Dept. of Computing*)

Gunnar Stefánsson deildarstjóri (*head of department*)

Sérfræðingar (*scientists*):

Ásta Guðmundsdóttir, Björn R. Björnsson, Gunnar Pétursson, Héðinn Valdimarsson.

Kerfisfræðingar (*programmers*): Björn G. Jónsson, Jóhanna Erlingsdóttir. Hrefna Einarsdóttir, fulltrúi

RAFTÆKNIDEILD (*Dept. of Electronic Engineering*)

Sigurður Lýðsson, deildarstjóri (*head of department*)

Jón Jónsson, tækni-fræðingur

Páll Reynisson, yfirverkfræðingur

Sigurgeir Tryggvason vann hluta úr árinu

BÓKASAFN (*Library*)

Eiríkur Þ. Eiríksson, deildarstjóri (*head librarian*)

Sigurlína Gunnarsdóttir, bókasafnsfræðingur

VEIÐARFÆRAVERKSTÆÐI (*Fishing gear workshop*)

Þorsteinn Guðnason, verkstjóri

Guðmundur Guðmundsson, netagerðarmaður

Sigurður Erlendsson, netagerðarmaður

HÚSVÖRÐUR (*janitor*)

Sverrir Sigurjónsson

TILRAUNAELDISSTÖÐ (*Aquaculture experimental station*)

Gunnar Sigurjónsson, stöðvarstjóri (*head of station*)

Jóhanna Alfreðsdóttir, rannsóknamaður

Sigurður A. Kristmundsson, rannsóknamaður

Björgólfur Hávarðsson vann hluta úr árinu.

ÚTIBÚIN (*Branch offices*)

Ólafsvík: Enginn útíbússtjóri í árslok en Ólafur V. Einarsson og María H. Maack unnu hluta úr árinu.

Ísafjörður: Guðmundur Sk. Bragason

Húsavík: Jónbjörn Pálsson

Höfn: Reynir Njálsson

Vestmannaeyjar: Hafsteinn Guðfinnsson

Áhafnir rannsóknaskipanna í árslok 1988

Crews of the research vessels

Bjarni Sæmundsson RE 30:

Sigurður Árnason skipstjóri
Kristján Jónsson yfirstýrimaður
Guðbjartur Gunnarsson 2. stýrimaður
Bjarni Guðbjörnsson yfirvélstjóri
Bjarni Sveinbjörnsson vélstjóri
Sveinn Kristinsson vélstjóri
Reynir Björnsson loftskemtamaður
Einar Jóhannesson bryti
Axel Hjelm 2. matsveinn
Rafn Ólafsson bátsmaður
Kristján Kristjánsson netamaður
Sigurður Kristmannsson netamaður
Gunnar Valdimarsson dagmaður í vél

Árni Friðriksson RE 100:

Ingi Lárusson skipstjóri
Guðmundur Bjarnason yfirstýrimaður
Indriði Jónsson 2. stýrimaður
Jóhann Ágústsson yfirvélstjóri
Guðmann Sveinsson vélstjóri
Eysteinn Viggósson vélstjóri
Hrönn Hjaltadóttir loftskemtamaður
Guðjón Friðleifsson matsveinn
Rudolf Midjord bátsmaður
Karl Einarsson netamaður
Magnús Jónsson háseti

Dröfn RE 35:

Gunnar Jónsson skipstjóri
Ragnar G. D. Hermannsson yfirstýrimaður
Snorri W. Sigurðsson yfirvélstjóri
Sigurður K. Sigurðsson vélstjóri
Reynir Baldursson vélstjóri
Elís Heiðar Ragnarsson matsveinn
Guðmundur Einarsson bátsmaður



Guðmundur Guðmundsson. — Ljósma.: Sólmundur Einarsson.

Rannsóknir Hafrannsóknastofnunarinnar 1988

Sjó- og vistfræðisvið

EÐLISFRÆÐI SJÁVAR

Á árinu 1988 var ástand sjávar umhverfis Ísland kannað á mismunandi árstímum eins og áður. Mælingar fóru fram í vetrarleiðangri í febrúar, í vorleiðangri í maí–júní, í sjó- og seiðaleiðangri í ágúst og í loðnuleiðöngurum í október–nóvember. Þessar athuganir sýndu ágætt ástand í hlýja sjónum fyrir Suður- og Vesturlandi, en fyrir Norður- og Austurlandi var að loknu fjögurra ára góðæri (1984–1987) aftur kominn kaldur pólsjór eins og á köldu árunum (1975, 1977, 1979, 1981–1983). Greint var frá niðurstöðum vorleiðangurs í Fjölríti Hafrannsóknastofnunarinnar nr. 14.

Greenland Sea Project

Áfram var unnið að alþjóðarannsóknunum á hafsvæðinu milli Svalbarða, Jan Mayen, Austur Grænlands og suður í Grænlandssund, svonefndu „Greenland Sea Project“ (GSP) 1987–1992. Íslendingar og Danir fóru í sameiginlegan leiðangur á rs. Bjarna Sæmundssyni í september. Í leiðangrinum fóru fram umfangsmiklar sjó- og vistfræðirannsóknir, m.a. var 27 straummælum lagt við dufl til eins árs á 8 stöðum milli Austur Grænlands og Jan Mayen og norður af Grænlandssundi, allt niður á 1.600 m dýpi. Þetta er langmesta átak okkar á sviði straummælinga til þessa. Í leiðangrinum í september voru tekin fleiri sýni til mælinga á geislavirkum efnum og samsætum en áður hefur gerst á íslensku hafsvæði. Mælingarnar eru framkvæmdar af Geislavörnum Dana í Risø og Háskóla Íslands. Við mælingar á hita og seltu í leiðangrinum var notað nýtt síritandi tæki, sem Hafrannsóknastofnunin



Við mælingar í Hafnarfirði með síritandi hita- og seltumæli um borð í Bláskelinni sumarið 1988. Mælingamenn eru Stefán S. Kristmannsson t. v. og Jóhannes Briem. — (Ljós.: Svend-Aage Malmberg).

stofnunin hefur eignast, og reyndist það mjög vel. Tvær skýslur um rannsóknirnar 1987 birtust á árinu (sjá ritskrá).

Straummælingar í Irmingerstraumi

Langtíma straummælingum í Irmingerstraumi norðvestur af landinu, sem hófust 1985, var fram haldið og þær tengdar straummælingum í GSP. Yfirlit yfir mælingarnar 1985–1986 er í prentun hjá Alþjóðahafrannsóknaráðinu (Rapports et Proces-Verbaux). Allar þessar straummælingar eru einnig tengdar alþjóðaáætlun um rannsóknir hafstrauma í heimshöfunum og breytileika þeirra (WOCE eða World Ocean Circulation Experiment). Norræn greinargerð þar um var lögð fram á fundi í París í nóvember 1988 (sjá ritskrá).

Önnur verkefni

Ítarlegar rannsóknir fóru fram í júní–júlí í Hafnarfirði og næsta nágrenni, frá Straumsvík að Álftanesi. Mældur var hiti, auk seltu og strauma. Verkið var unnið fyrir Hafnarfjarðarbæ vegna úttekta á frárennismálum.


Lokið var ritgerð í félagi við breska og þýska haffræðinga um hafstrauma og breytingar á seltubúskap í Norður Atlantshafi sem raktar eru til hafísarána við Ísland á sjöunda áratugnum.

Fundir í sjófræðinefnd grunnsjávar (Shelf Sea Hydrography) og gagnanefnd (Data Management) Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) voru haldnir í Reykjavík í júní. Töluverð vinna var lögð í undirbúning þessara vinnunefndarfunda. Halda átti fundina í apríl en vegna verkfalla varð að fresta þeim fram í júní. Í sjófræðinefndinni var m.a. fjallað um viðkomu og vöxt þorsks og umhverfisáðstæður á Norður Atlantshafi. Á sameiginlegum fundi nefndanna var fjallað sérstaklega um eiturþörungana við strendur Svíþjóðar og Noregs, orsakir þeirra og afleiðingar.

Sem fyrr var unnið að frágangi og dreifingu á sjófræðilegum gögnum um ástand sjávar á Íslandsmiðum, einkum í samvinnu við Alþjóðahafrannsóknaráðið.

EFNAFRÆÐI

Í samvinnu við Lamont-Doherty Geological Observatory var haldið áfram ársfjórðungslegum athugunum á flæði koltvíldis milli lofta



Yfirborðshiti frá Reykjavíkurhöfn 1988. Lægstur hiti var í febrúar $-0,6$ °C en hæstur $11,9$ °C í júlí.

og sjávar. Þær athuganir hófust 1983 og hafa niðurstöður veitt fróðlegar upplýsingar um tengsl koltvíldisflæðis bæði við líffræðilegar og eðlisfræðilegar breytingar sem verða í yfirborðslögum sjávar við þörungavöxt og blöndun.

Sem fyrr voru næringarefni greind í fjölda sjósýna. Í samvinnu við Unnstein Stefánsson var unnið að yfirgripsmikilli samantekt á athugunum á næringarefnum í sjó og því hvernig framboð á þeim hefur áhrif á frjósemi íslenskra hafsvæða.

Í skýrslu um árið 1987 var greint frá rannsóknum á jarðhitasvæði sem er sunnan Kolbeinseyjar. Í samvinnu við BBC og Woods Hole Oceanographic Institution var unnið úr myndefni sem aflað var 1987 og m.a. gerð samfelld ljósmynd sem sýnir landslag á jarðhitasvæðinu. Einnig var lokið fjölþættum efnagreiningum á sjósýnum sem tekin voru við sjóðandi uppsprettu. Af efnagreiningum þeim má margt ráða um eðli og einkenni jarðhitans. Greint var frá ýmsum niðurstöðum úr þessum rannsóknum á ráðstefnu um hafrannsóknir, Joint Oceanographic Assembly.

HITAMÆLINGAR

Haldið var áfram hitamælingum með síritum við strendur landsins í tengslum við fiskeldi. Á árinu 1988 bættust við nýir staðir, Patreksfjörður, Kjálkafjörður á Barðaströnd og Stöðvarfjörður. Unnin var skýrsla um fyrsta hluta þessara sjávarhitamælinga.

JARÐFRÆÐI

Á árinu 1988 var unnið að eftirfarandi jarðfræðiverkefnum:

Jarðlög við Vestmannaeyjar

Gögn, sem safnað var með sparkermælingum við Vestmannaeyjar 1980 og 1983 voru tekin saman og endurunnin. Í árslok voru niðurstöður teknar saman í skýrslu, en höfðu áður verið kynntar á ráðstefnu íslenskra jarðfræðinga. Jóhann Helgason jarðfræðingur var ráðinn til aðstoðar við þetta verk.

Jarðlög á Kollafjarðarsvæði

Unnið var að samantekt gagna um jarðlög á Kollafjarðarsvæði, að hluta til í samvinnu við háskólann í Tromsö. Niðurstöður aldursgreiningar sýna liggja ekki fyrir.

Jarðlög í Ísafjarðardjúpi

Rannsókn var hafin á setkjörnum úr Ísafjarðardjúpi á árinu. Í júní og júlí voru gerðar endurvarpsmælingar á þéttu neti á svæðinu frá Æðey inn að Reykjanesi. Beitt var mjög nákvæmum staðarákvörðunartækjum, sem gefa mælingunum aukið gildi.

Hvalfjörður – Gilsfjörður

Tvö verk voru unnin fyrir Vegagerð ríkisins á árinu. Í júlí voru gerðar endurvarpsmælingar í utanverðum Hvalfirði og voru þær hluti af forrannsóknum vegna hugmynda um göng undir fjörðinn. Í ágúst og september voru gerðar samskonar mælingar í Gilsfirði vegna brúargerðar.

Samstarfsverkefni

Í ágústmánuði tók Kjartan Thors þátt í rannsóknaleiðangri, sem farinn var á rs. Bjarna Sæmundssyni á landgrunnið út af Kanger-

dlugssuaq-firði á Austur Grænlandi. Leiðangurinn var á vegum starfsmanna Woods Hole Oceanographic Institution og kostaður af bandarískum aðilum.

PLÖNTUSVIF

Í vorleiðangri 16. maí til 1. júní var að venju rannsakað plöntusvif og frumframleiðni mæld á völdum stöðvum umhverfis landið. Í byrjun leiðangurs var lítill þörungagróður vestur af landinu og næringar efni enn í hámarki nema í Faxaflóa og við straumskilin út af Vestfjörðum. Þess ber að geta að farið var hálfum mánuði fyrr í vorleiðangurinn 1988 en venja er og í lok leiðangursins um mánaðamótin maí/júní hafði gróður aukist verulega enda úthafssjórinn vestur af Faxaflóa þá orðinn hitalagskiptur vegna upphitunar yfirborðsins. Fyrir norðan land var vorhámarkið greinilega yfirstaðið, gróðurmagn orðið lítið og köfnunarefni í lágmarki í yfirborðslögunum, enda var kaldur sjór á norðurmiðum þetta vorið. Austur af landinu var gróðurmagn mest inn við landgrunnsbrúnina og verulega farið að ganga á næringar efnafordann. Á ofangreindu svæði allt frá miðunum út af Vesturlandi og austur með landi að Ingólfshöfða var svifþörungategundin *Phaeocystis pouchetii*, sem að öðru jöfnu er einungis áberandi í svifinu fyrir Norðurlandi, mjög áberandi. Sunnanlands var veruleg framleiðni á öllu athugunarsvæðinu og mest á Selvogsbanka.

Eins og undanfarin ár var lögð áhersla á að kanna framleiðni á meira dýpi en staðaldýpin (0-30m), eða allt niður á 100 m á blöndunarsvæðunum norðvestur og suðaustur af landinu. Sömuleiðis var haldið áfram að mæla framleiðni við mismikið ljósmagn í ræktunarskáp (birtuferlar) svo víða sem auðið var. Könnun á birtuferlum mismunandi plöntusamfélaga umhverfis landið er mikilvægt verkefni sem bætir þekkingu okkar á viðbrögðum plöntusvifsins með tilliti til lýsingar. Sú þekking styrkir útreikninga okkar á frumframleiðni hafsvæðisins þar sem mismunandi birtuskilyrði eru tekin með í reikninginn. Í þessu sambandi var unnið að gerð líkans sem hermir eftir breytingum á geislun sólar miðað við tíma (dag og ár) og breiddargráðu. Við gerð líkansins var stuðst við ljósmælingar frá Hnífsdal sem gerðar voru mestan hluta ársins 1987 í sambandi við rannsóknir á vistfræði Ísafjarðardjúps. Fundin var aðferð til að meta birtuskilyrðin á mismunandi svæðum samkvæmt upplýsingum um fjölda sólskinsstunda eða skýjahulu frá völdum veðurathugunarstöðvum. Ofangreint mat á

birtuskilyrðum er svo notað við útreikninga á dagsframleiðni undir fermetra samkvæmt tiltækum upplýsingum úr leiðongrum undanfarinna ára. Við gerð reikniforrítsins var stuðst við upplýsingar sem meðal annars eru fengnar úr rannsóknum á birtuferlum og samandarrannsóknum á ræktun plöntusvifs í sjó og í ræktunarskáp.

Í september var farið í rannsóknaleiðangur til Grænlands eins og gert var 1987 og plöntusvif rannsakað í Austur Grænlandsstraumnum. Gróðurtímabilið virtist yfirstaðið á mest öllu svæðinu líkt og árið áður. Framleiðni og blaðgrænumagn var mælt á sama hátt og í vorleiðangri og auk þess gerðir birtuferlar eftir því sem við var komið. Einnig var endurskin ljóss frá plöntusvifi mælt frá yfirborði og niður á 30–50 m dýpi með sökkvanlegum blaðgrænumæli (fluorometer) sem danskir þátttakendur í leiðangrinum höfðu tekið með sér. Allan leiðangurinn var í gangi sjálvvirkur mæli- og skráningarbúnaður sem skráði á 10 mínútna fresti birtumagn á þilfari og blaðgrænu (fluorescence) við sjóinntak á síðu skipsins.

DÝRASVIF

Útbreiðsla dýrasvifs að vorlagi

Útbreiðsla og samsetning dýrasvifs í hafinu við Ísland var könnuð í vorleiðangri í maí–júní. Lítið var um átu yfir landgrunninu en djúpt norðaustur af landinu var að venju mikið um pólsjavarátu.

Líffræði ljósátu og agna

Afram var haldið rannsóknum á líffræði ljósátu og agna. Þetta eru svifdýrahópar sem eru mjög svipaðir smávöxnum rækjum að útliti. Ljósátan heldur sig einkum nálægt yfirborði en agnirnar eru algengastar rétt ofan sjávarbotnsins. Báðir eru þessir hópar mikilvæg fæða fyrir ýmsa nytjastofna.

Á árinu var markvisst unnið úr ljósátusýnum sem safnað var í tengslum við vistfræðirannsóknir í Ísafjarðardjúpi. Úrvinnslan hefur einkum falist í tegundargreiningum, lengdarmælingum og mati á þroskastigi með það að markmiði að ákvarða lífsferla, vaxtarferla og hrygningu þeirra þriggja tegunda ljósátu sem finnast í Djúpinu. Í árslok var úrvinnsla nær lokið.

Unnið var að samantekt rannsókna á líffræði og lífsferlum tveggja tegunda agna sem algengar eru á grunnsævi við landið. Niðurstöð-

urnar voru síðan kynntar á norrænni ráðstefnu um líffræði og vistfræði krabbadýra sem haldin var í Tvärminne í Finnlandi í apríl.

Áturannsóknir á hvalamiðum

Á árinu var fram haldið áturannsóknum sem hófust árið 1986 á hvalamiðunum fyrir vestan landið. Átunni var safnað af Hval 8 og Hval 9 tvisvar sinnum í hverri veiðiferð alla vertíðina. Hafist var handa við úrvinnslu þessara gagna og fyrstu niðurstöður kynntar á ársfundi Alþjóðahvalveiðiráðsins vorið 1988.

Átusöfnun með átuvísum

Átusöfnun með átuvísum var fram haldið á siglingaleið Eimskipafélags Íslands milli Íslands og Skotlands. Söfnunin er framkvæmd af áhöfnum Eimskipafélagsins í samvinnu við Hafrannsóknastofnunina og Institute for Marine Environmental Research í Plymouth (nú Plymouth Marine Laboratory) á Englandi. Úrvinnsla þessara gagna fer alfræð fram í Englandi.

VISTFRÆÐIRANNSÓKNIR Í ÍSAFJARÐARDJÚPI

Eins og fram kom í síðustu ársskýrslu hófust í febrúar 1987 heilsársathuganir á svifsamfélaginu (þörungum, dýrasvifi, fiskseiðum) og umhverfispáttum (selu, hita, næringarefnum) í Ísafjarðardjúpi. Gagnasöfnun vegna þessa verkefnis fór fram á 24 stöðvum í Djúpinu, um það bil mánaðarlega, fram í febrúar 1988.

Úrvinnsla dýrasvifsgagnanna fyrri hluta ársins beindist einkum að athugunum á árstíðabreytingum í fjölda og lífsferlum algengustu tegundanna. Fyrstu niðurstöður þessara rannsókna voru kynntar á ársfundi Alþjóðahafrannsóknaráðsins í október.

Árstíðabreytingarnar í fjölda og útbreiðslu rækjulirfa í Ísafjarðardjúpi voru sérstaklega kannaðar. Þá var og athugaður vöxtur og þroskun lirfanna meðan þær eru hluti af svifsamfélaginu.

Gengið var frá frumúrvinnslu á gögnum um blaðgrænumagn og framleiðnigetu plöntusvifsins og teknar saman helstu niðurstöður.

Nytjastofnasvið

RÆKJA

Rækjusýnum var safnað af öllum veiðisvæðum og úr þeim unnin mánaðarleg yfirlit. Þannig fást upplýsingar um aldur og skiptingu rækju eftir kynjum á hverju svæði ásamt vitneskju um hrygningartíma og klak. Einnig var unnið úr veiðiskýrslum og þéttleiki og stofnstærð rækjunnar metinn á hverju svæði. Sömu leiðis var unnið úr öllum könnunum stofnunarinnar til að fá mat á stofnstærð rækju á hverju svæði út frá þéttleika og útbreiðslu rækjunnar. Öll þau gögn sem hér hafa verið rakin voru síðan notuð við tillögugerð um leyfilegan hámarksafla á hverju veiðisvæði.

Kannanir og stofnmælingar

Árið 1988 var farið í nokkra leiðangra til rækjukönnunar og stofnmælingar á skipum stofnunarinnar og fáeinum rækjubátum.

Eldeyjarmið voru könnuð í lok apríl. Engin rækja var á miðunum, en talsvert af ýsu. Svæðið var athugað mánaðarlega allt fram í ágúst. Engar rækjuveiðar voru leyfðar við Eldey árið 1988. Í apríl voru hefðbundin mið á sunnanverðum Breiðafirði og í Kolluál rannsókuð, en mjög lítið var af rækju. Veiðar voru ekki leyfðar fyrr en eftir aðra könnun um miðjan maí er ungfiskur var orðinn undir viðmiðunarmörkum. Í apríl voru rækjumíðin á norðanverðum Breiðafirði einnig athuguð. Rækjan reyndist mjög smá (492 stk./kg) þ.e. hrygnurnar smærri en nokkurs staðar annars staðar við Ísland. Engar veiðar voru því stundaðar þarna árið 1988. Í janúar og febrúar voru Húnaflói og Ísafjarðardjúp könnuð. Þetta eru kallaðar vorkannanir og eru hefðbundnar. Skagafjörður var athugaður í mars. Góður afli fékkst af nokkuð stórri rækju. Öxarfjörður var athugaður í maí en aðeins fékkst vottur af rækju.

Í október voru Arnarfjörður, Ísafjarðardjúp og Húnaflói kannaðir, og var Arnarfjörður opnaður í lok október en í Ísafjarðardjúpi voru seiði einkum 0-grúppu ýsa langt yfir viðmiðunarmörkum, auk þess sem rækjan var smá (375 stk./kg). Djúpið var því ekki opnað. Vorið 1988 varð vart við að 1987-árgangur rækju var mjög stór í Ísafjarðardjúpi. Þess vegna var ráðgert að gera leggpokatilraunir um haustið til

þess að reyna að takmarka veiðar á þessum árgangi. Veiðarfæradeildin ásamt útibússtjóra Hafrannsóknastofnunar á Ísafirði skipulagði þessar tilraunir. Árangurinn var mjög góður. Töluvert af eins árs rækju virtist smjúga möskvana og mjög mikið af fiskseiðum. Um miðjan nóvember voru því sett þau skilyrði að veiðar gætu því aðeins hafist í Ísafjarðardjúpi að leggpoki yrði notaður við veiðarnar. Á Húnaflóa voru einnig vandamál vegna smárækju og þurfti að loka bæði Hrutafirði og Miðfirði í upphafi haustvertíðar vegna hennar. Eftir vel heppnaðar leggpokatilraunir í desember á Húnaflóa var ákveðið að opna bæði þessi svæði með því skilyrði að leggpoki yrði notaður. Skagafjörður var kannaður á heimabátum í október. Veiðanleg rækja var víða á firðinum og stærðin var sæmileg í Austurál þar sem veiðarnar voru stundaðar veturinn 1984-85. Í kjölfar könnunarinnar var leyft að veiða um 50 tonn til reynslu. Öxarfjörður var athugaður á heimabát í nóvember.

Stofnstærðarmælingu með rækjuvörpu á úthafs rækju fyrir Norður- og Austurlandi var haldið áfram annað árið í röð. Stofnmæling þessi fór fram í júlí, ágúst og september. Stofnmælingin hófst austur en vanalega þar eð hafís lá yfir öllum Norðurkanti, en náði yfir töluvert stærra svæði 1988 en 1987, og mælt var á dýpra vatni. Stofnmælingin gekk vel en þó voru einhverjar tafir. Miklar upplýsingar safnast í þessum leiðöngurum sem nýta má til útreikninga á vísitölu stofnstærðar úthafs rækju og gögn sem verða notuð sem grunnur í aldurs-aflagreiningar (VPA) ásamt fleiri gögnum.

Rækjuleit

Á árinu 1988 var ráðgert að leita að rækjumíðum á stórum svæðum við Vestur-, Suðvestur- og Austurland. Í maí var leitað við Austur- og Suðvesturland. Á fyrrnefnda svæðinu fékkst mikil rækja á Rauðatorgi austur af Tangaflaki. Þarna hafði að vísu fengist veiðanlegur afli í leit-arleiddöngurum Hafrannsóknastofnunar árin 1975 og 1978, en ekki heppnaðist að fá menn til veiða þarna þá enda langt frá gjöfulli rækjumíðum. Nú var afli miklu meiri en í fyrri leitum, eða allt að 700 kg á tog tíma, en rækjan var smærri en á hefðbundna svæðinu á Tangaflaki og má leiða að því getum að þarna sé uppvaðandi rækja sem síðar gæti fengist á Tangaflaki. Veiðar hófust síðan á Rauðatorgi og voru veidd hátt í 600 tonn. Við Suðvesturland var leitað dálítið í svokölluðum Suðurköntum. Lítið var af rækju. Í júlí var leitað að rækju við Norðvesturland en án árangurs enda hamlaði hafís og veður leitinni.

HUMAR

Í maí var farinn einn leiðangur til rannsókna á humri. Könnuð voru helstu humarmið á svæðinu frá Jökuldjúpi og austur í Lónsdjúp fyrir og við upphaf vertíðar, bæði með tilliti til aflasamsetningar og aflamagns. Auk þess var safnað humarsýnum frá útibúunum á Hornafirði og í Vestmannaeyjum.

Við stofnstærðarmat og tillögur um hámarksafla voru notaðar niðurstöður úr rannsóknum á humarsýnum ásamt upplýsingum úr aflaskýrslum humarbáta um afla og sókn á hinum ýmsu veiðisvæðum.

HÖRPUDISKUR

Hörpudisksrannsóknir á sjó voru takmarkaðar við tvo stutta stofnmælingaleiðangra í Breiðafirði í mars og apríl.

Eins og áður, var unnið úr aflaskýrslum hörpudisksbáta, en gögn þar að lútandi bárust óvenju seint vegna lítilla veiða fyrri hluta ársins. Tillögur um leyfilegan hámarksafla í Breiðafirði 1989 voru því einkum byggðar á niðurstöðum úr stofnmælingaleiðangri í mars-apríl 1988.

Tilraunaeldi á hörpudiski í Breiðafirði

Vorið 1988 hófst tilraunaeldi á hörpudiski (*Chlamys islandica*) í Breiðafirði. Tilgangurinn með þessum tilraunum er að kanna hvort íslenski hörpudiskurinn sé heppilegur til eldis og hversu langan tíma það tekur að ná markaðsstærð skelja við eldisaðstæður.

Verkefnið er styrkt af Rannsóknaráði ríkisins, Hafrannsóknastofnun og fyrirtækjum í Stykkishólmi. Verkefnisstjóri er Guðrún G. Þórarinsdóttir. Í júlí 1988 var smáskel safnað á Breiðafirði og henni komið fyrir í ræktunarbúrum á þrem mismunandi dýpum. Lirfusöfnurum var komið fyrir á sama tíma. Sýni voru tekin mánaðarlega til að fylgjast með ásetutíma, vexti og kynþroska dýranna. Einnig voru tekin sjósýni til seltumælinga, blaðgrænumælinga, tegundagreiningar og talningar svifþörungna. Hitastig sjávar var mælt með siritandi hita-mælum.

KRABBAR OG KUÐUNGAR

Á árinu var farinn einn leiðangur til tilraunaveiða á beitukóng og trjónukrabba. Í þessum leiðangri var svæðið frá Patreksfirði að Öndarfirði kannað. Einnig fengust upplýsingar um tilraunaveiðar á þessum tegundum er ýmsir aðilar hafa stundað, en þeir hafa fengið gildirur og annan útbúnað að láni hjá Hafrannsóknastofnun.

FISKSEIÐI

Árleg könnun á fjölda og útbreiðslu fiskseiða við Ísland, Austur Grænland og í Grænlandshafi var gerð á einu skipi í ágúst. Þessar athuganir hafa farið fram óslitið síðan 1970 og gefa einkum upplýsingar um breytingu á fjölda þorsk-, ýsu-, loðnu- og karfaseiða frá ári til árs og þar með vísbendingu um hvers vænta megi af tilteknum árgöngum tegundanna. Í stuttu máli var mjög lítið af þorskseiðum og lítið af ýsuseiðum. Aftur á móti er 1988 árgangurinn af loðnuseiðum mjög stór og karfaárgangurinn er góður.

Eins og fram kom í seinustu skýrslu, var gerð úttekt á seiðarannsóknunum, þar sem borinn var saman fjöldi þorskseiða af árgöngunum frá 1970–1982 og fjöldi þriggja ára þorska sömu árganga eins og hann mældist með aldurs-aflaaðferðinni (VPA) og tekið tillit til ástands seiðanna og umhverfisaðstæðna síðla vetrar og vors er seiðin ná eins árs aldri. Niðurstöðurnar voru athyglisverðar.

SÍLD

Á árinu 1988 voru farnir tveir leiðangrar til að kanna magn og útbreiðslu íslensku sumargotssildarinnar en stofnstærðin hefur verið mæld árlega með bergmálsaðferð. Í fyrri leiðangrinum sem farinn var í janúar, var fyrst og fremst reynt að mæla stærð veiðistofnsins. Niðurstöður gáfu þó til kynna að ekki hefði reynst unnt að mæla nærri því allan stofninn. Þær tillögur sem Hafrannsóknastofnunin lagði fram um veiðar á síld 1988, byggðust því að miklu leyti á niðurstöðum fyrra árs.

Niðurstöður rannsókna sýna að helst er von til þess að mæla stærð árganga eins og tveggja ára síldar í fjörðum vestanlands og norðan yfir vetrarmánuðina. Í síðari leiðangrinum sem farinn var í nóvember

var fyrst mæld stærð yngstu árganganna norðanlands og vestan en í síðari hluta leiðangursins beindust rannsóknirnar að því að mæla stærð veiðistofnsins sem þá hélt sig í Austfjörðum, við Tvísker og á Eldeyjarbanka.

Til þess að fylgjast með vexti, kynþroska og aldri síldarinnar er safnað fjölda sýna úr afla veiðiskipa á hverri vertíð. Reynt er að safna sýnum jafnt yfir alla vertíðina af hverju veiðisvæði. Sýnin úr aflunum eru unnin á Hafrannsóknastofnun og í útibúum. Niðurstöður mælinga á stofnstærðinni ásamt upplýsingum um fjölda veiddra sílda eftir aldri, kynþroska og þyngd eru notaðar þegar gerðar eru tillögur um afla á komandi vertíðum.

HRINGORMASÝKING Í SÍLD

Á árinu 1988 var hringormasýking í íslensku sumargotssíldinni könnuð. Þótti nokkuð skorta á að fyrri kannanir gæfu nægjanlega skýra mynd af sýkingunni, einkum hvað varðaði stærstu og smæstu síldina. Niðurstöður sýndu að sýkingin fór stigvaxandi með lengd og aldri síldarinnar. Einnig jókst meðalfjöldi orma með stærð síldarinnar. Ormarnir (hringormalirfurnar) fundust að langmestu leyti í kviðarholi en aðeins að litlu leyti í þunnildum og flökum.

LOÐNA

Í janúar var að þessu sinni ekki reynt að mæla stærð veiðistofnsins enda aðstæður óvenju góðar þegar hann var mældur í nóvember 1987. Seinni hluta mánaðarins var hins vegar gerð tilraun til þess að mæla fjölda og útbreiðslu ókynþroska smáloðnu af árgöngunum frá 1985 og 1986 (veiðistofn vertíðarinnar 1988–89). Þessi tilraun mistókst með öllu vegna mikils hafíss fyrir Norðurlandi. Þegar gerðar voru tillögur um aflakvóta á sumar- og haustvertíðinni 1988 var því stuðst við ágústmælinguna frá 1987 á stærð 1986 árgangsins og meðaltöl um kynþroskahlutfall, þyngd aldursflokka, náttúruleg afföll og hlutdeild eldri árgangsins (1985). Niðurstaðan benti til þess að nokkru minna yrði af loðnu en næstliðnar vertíðir.

Í ágúst mánuði var könnuð útbreiðsla og fjöldi árgamallar smáloðnu með sama hætti og gert hefur verið frá 1982. Þessarar loðnu varð einkum vart um og utan við landgrunnsbrúnina austan frá

Digranesi norður og vestur um að Hala. Mælingin þótti takast vel og benda til þess að 1987 árgangurinn væri í góðu meðallagi.

Í september leigðu Grønlands Fiskeriundersøgelser rs. Árna Friðriksson til að kanna og mæla loðnugöngur á grænlenka landgrunns-svæðinu frá Scoresbysundi vestur fyrir Angmassalik. Stóð leiðangurinn í um þrjár vikur og tók Sveinn Sveinbjörnsson þátt í honum. Engin loðna fannst vestan við 29 °V sem talið er óvenjulegt og gátu menn sér þess til að þetta kynni að stafa af óvenjulegum sjávarhlýindum á svæðinu frá Dohrnbanka og vestur eftir.

Stærð veiðistofnsins var mæld í október eins og oftast hefur verið venja s.l. 10 ár. Alls mældust 1.225 þús. tonn af kynþroska loðnu og í framhaldi af því var lagt til að veiðikvótinn á vertíðinni 1988–89 yrði 915 þús. tonn að meðtöldum afla færeyskra skipa í grænlenkri lögsögu. Þegar októbermælingin var gerð reyndist meiri hluti veiðistofnsins enn halda sig norður í hafi utan við grænlenka landgrunnid austur og suðaustur frá Scoresbysundi. Reynslan sýnir að þegar svo háttar er stærð stofnsins oft vanmetin og var því stefnt að annarri mælingu við fyrstu hentugleika.

Undir lok nóvember bentu upplýsingar frá veiðiflotanum til þess að mestallur veiðistofninn væri saman kominn við landgrunnskantinn út af Norður- og Norðausturlandi og aðstæður að flestu leyti hentugar til mælinga. Var rs. Árni Friðriksson þá sendur af stað til mælinga en sú tilraun mistókst með öllu vegna veðurs.

Auk ofangreindra rannsókna á stofnstærð og loðnugöngum var safnað miklum fjölda sýna úr afla rannsókna- og veiðiskipa til venjulegra líffræðilegra athugana.

GRÆNLANDSPORSKUR Á ÍSLANDSMIÐUM

Markmið verkefnisins er, að athuga hvort mögulegt er að nota hreistur til þess að ákvarða þann fjölda þorska sem gengur frá Grænlandi yfir á Íslandsmið. Í mars var safnað hreistursýnum vítt og breitt kringum landið í leiðangri til stofnmælinga botnfiska. Einnig var safnað hreistursýnum um borð í þýska rannsóknaskipinu Walther Herwig, sem var við Austur Grænland í september.

ÝSA

Ýsa var athuguð í stofnmælingarleiðangri togara í marsmánuði eins og undanfarin ár. Samkvæmt niðurstöðum úr þeim leiðangri og öðrum mælingum á ýsu eru nú tveir verulega sterkir árgangar í stofninum frá árunum 1984 og 1985. Þessir stóru árgangar hafa leitt til þess að óvenju mikið af smáýsu hefur verið við suðurströndina 1987 og 1988. Vegna smáýsu kom til fjölda lokana á þessu svæði sem var nær óþekkt áður. Þannig var lokað 8 sinnum við suðurströndina 1987 og 20 sinnum á sama svæði árið 1988. Líklegt er að töluvert hafi verið gengið á þessa árganga á unga aldri þrátt fyrir skyndi- og reglugerðarlokana.

Gagnasöfnun ársins 1988 var meiri en fyrri ár vegna þeirrar viðleitni að hafa vakandi auga með smáýsu í afla og stærðarsamsetningu hans. Þessi aukna söfnun gagna var aðallega veiðieftirlitsmönnum um borð í fiskiskipum eða í verstöðvum að þakka. Miklum upplýsingum var og safnað á sjó og landi af útibúum svo og í leiðöngrum á hafrannsóknaskipum eða á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar. Unnið var úr þessum gögnum og stofnstærð og aldursamsetning stofnsins áætluð bæði út frá sýnum úr afla og rannsóknaleiðöngrum. Seint á árinu var byrjað á nýjum þætti í ýsurannsóknum sem er könnun á lífslíkum ýsu eftir smug gegnum vörpumöskva. Þessar athuganir fara fram í hinn nýju eldisstöð Hafrannsóknastofnunarinnar að Stað við Grindavík og farinn var stuttur leiðangur til söfnunnar á lifandi ýsu.

GRÁLÚÐA

Enginn grálúðuleiðangur var farinn á árinu. Fylgst var með aldurs- og lengdarsamsetningu grálúðuafllans eins og kostur var. Þessi gögn, ásamt upplýsingum úr veiðiskýrslum togaraflorens eru grunnur út-reikninga á afrakstursgetu og veiðipoli stofnsins.

SKARKOLI

Gögnum um skarkola var safnað í árlegri stofnmælingu botnfiska í mars. Að öðru leyti var gagnasöfnun og úrvinnsla gagna í lágmarki.

LÚÐA

Lúðugögnum var nær eingöngu safnað í leiðangri til stofnmælinga á botnfiskum í marsmánuði. Eins og undanfarin ár voru þær lúður sem þá veiddust ýmist mældar, kyngreindar og kvarnaðar til aldursákvörðunar eða aðeins lengdarmældar. Merktar voru 11 lúður í Faxaflóa árið 1988.

LANGLÚRA

Aukinn kraftur var settur í langlúrirannsóknir árið 1988. Farinn var sérstakur leiðangur dagana 20. júní til 4. júlí til rannsókna á langlúru. Rannsóknaskip var rs. Árni Friðriksson RE 100. Rannsakað var svæðið frá Ingólfshöfða vestur fyrir Snæfellsnes og safnað sýnum til aldursákvörðunar og stofnstærðarrannsókna, athuguð útbreiðsla og gerð merkingartilraun - sú fyrsta hér við land og þó víðar væri leitað. Voru merktar 698 langlúrir í þessari fyrstu tilraun.

Fylgst var með veiðum þeirra dragnótabáta sem voru á langlúruveiðum og tekin sýni úr afla og þau unnin jafnóðum.

SANDKOLI

Fylgst var með sandkolaveiðum dragnótabáta og tekin sýni úr afla þeirra. Þá var rannsóknamaður frá Hafrannsóknastofnun, stúdent í líffræði við Háskóla Íslands, háseti á einum dragnótabátanna frá Þorlákshöfn frá því síðari hluta júnímánaðar fram í september og safnaði hann gögnum og fylgdist með gangi veiða.

STEINBÍTUR

Í leiðangri til stofnmælinga á botnfiskum í mars var safnað steinbítsgögnum eins og undanfarin ár. Sá steinbítur sem veiddist var ýmist kvarnaður til aldursákvörðunar og kyngreindur eða aðeins mældur. Þá söfnuðu útibússtjórar Hafrannsóknastofnunar og veiðieftirlitsmenn gögnum af fiskiskipum. Voru það bæði kvarnir og lengdarmælingar. Öll kvarnasýni sem bárust hafa verið aldursákvörðuð.

Hlýri og blágóma í afla rannsóknaskipa og áðurnefndum stofnmælingaleiðangri voru rannsökuð líkt og undanfarin ár.

KARFI

Gagnasöfnun úr lönduðum afla var með svipuðum hætti og áður. Ennfremur var gögnum safnað í leiðöngurum stofnunarinnar, í útibúum og af veiðieftirlitsmönnum. Mældar voru allar þrjár tegundirnar: Karfi, djúpkarfi og litli karfi. Hlutfall karfa og djúpkarfa í lönduðum afla var verulega frábrugðið hlutfalli síðustu ára. Undanfarin ár hefur djúpkarfi verið um 20-25% landaðs afla, en var á árinu 1988 ekki nema um 12%.

Meðallengd karfa og djúpkarfa var nokkru minni hjá báðum tegundunum en árið áður. Í júní var gerð úttekt á karfastofninum og niðurstöður vinnunefndar Alþjóðahafrannsóknaráðsins frá því í september 1986 lagðar til grundvallar ásamt nýjum íslenskum gögnum.

Í september var karfastofninn tekinn fyrir í vinnunefnd Alþjóðahafrannsóknaráðsins en þar lágu einnig frammi gögn annarra þjóða. Niðurstöður voru svo líkar íslensku úttektinni, að ekki þótti ástæða til að breyta ráðgjöf, sem á henni var byggð.

Þá var unnið að úrvinnslu gagna um smákarfa við Austur Grænland úr leiðangri þýska rannsóknaskipsins „Walther Herwig“ 1987 og var lögð fram ritgerð um þetta efni ásamt þýskum samstarfsmanni á ársfundi Alþjóðahafrannsóknaráðsins.

Í leiðangri B-2-88 var safnað allumfangsmiklum gögnum fyrir Lýsi h.f. vegna efnagreininga á ýmsum djúpfiskum. Einkum var safnað lifur úr háfiskum.

HROGNKELSI

Gagnasöfnun gekk fremur illa árið 1988 vegna veðurs. Til dæmis leið nærri heill mánuður án þess að unnt væri að vitja um net í Breiðafirði. Vertíðin var í heild mjög léleg. Aðeins öfludust um 10.000 tonnur miðað við 16.000 til 17.000 tunnu meðalheildarafla.

Haldið var áfram við að skipuleggja og koma upp gagnagrunni fyrir þær upplýsingar sem tiltækar eru um hrognkelsaveiðar og rannsóknir á hrognkelsastofninum hér við land. Upplýsingar þessar eru t.d. veiðiskýrslur, merkingar, reglubundnar lengdarmælingar, aldursákvarðanir, vigtanir og fleira. Ráðgert er að gagnagrunnur þessi ná aftur til ársins 1976, en sem stendur eru öll gögn árána 1985 til 1988 tilbúin til úrvinnslu.

Hagsmunasamtök grásleppukarla sýndu þessum rannsóknum

mikinn skilning þar sem þeir lögðu fram styrk að upphæð kr. 250.000.- til að efla rannsóknirnar. Upphæð þessi var notuð til að byggja upp tækjakost fyrir tölvuvinnslu gagna varðandi hrognkelsarannsóknir.

Líffræðilegar grundvallarrannsóknir voru stundaðar í samstarfi við aðstoðarprófessor við háskólann í Bangor í Wales, Dr. John Davenport, sem vann að þremur verkefnum hér á landi í mars-apríl 1988. Tvö verkefni vörðuðu hrognkelsi og eitt lífeðlisfræði loðnu. Hrognkelsaverkefnið voru um athuganir á litaráfbrigðum í rauðmögum og grásleppuhrognum og um lífeðlisfræðilegar athuganir á því hvernig hrognkelsi beita sogskálinni.

DJÚPFISKAR

Eftirfarandi tegundir nytjafiska eru kallaðir djúpfiskar: Blálanga, langa, keila, gulllax og langhalar. Safnað hefur verið gögnum um þá eftir getu. Farið var í tvo sérstaka leiðangra til rannsókna á blálongu (B2/88) í febrúar/mars og gulllaxi (B7/88) í ágúst/september.

Blálanga, langa og keila.

Safnað var gögnum um aldur, lengd, þyngd og hrygningu þessara fiska eftir því sem við var komið.

Bráðabirgðasamantekt frá árunum 1985 til 1988 fyrir allar þrjár ofanefndar tegundir var lögð fyrir North-Western Working Group Alþjóðahafrannsóknaráðsins í september 1988 og birt í skýrslu nefndarinnar.

Langhalar.

Gögnum um lengdar- og aldursgreiningu var safnað áfram, einkum í tveim ofanefndum leiðöngurum, og aðallega af slétta langhala, því mjög lítið fékkst af snarpa langhala. Báðar tegundirnar eru nýttar af ýmsum fiskveiðipjóðum. Ef Íslendingar hyggjast nýta þessar tegundir þyrfti að stórauka rannsóknir á þeim.

Gulllax.

Í gulllaxleiðangri (B7/88) svo og í öðrum leiðöngurum stofnunarinnar var safnað miklum gögnum. Ennfremur söfnuðu veiðieftirlitsmenn og starfsmenn Hafrannsóknastofnunar gögnum um borð í skipum sem stunduðu tilraunaveiðar á gulllaxi. Niðurstöður voru teknar sam-

an í ritgerð sem lögð var fram á ársfundi Alþjóðahafrannsóknaráðsins í Bergen. Ennfremur var tekin saman skýrsla um gulllax og send Sjávarútvegsráðuneyti.

NÝJAR OG SJALDSÉÐAR FISKTEGUNDIR

Allar nýjar og sjaldséðar fisktegundir sem Hafrannsóknastofnunin fékk í hendur árið 1988 voru rannsakaðar og skrásettar. Skipst var á upplýsingum við erlenda vísindamenn og vísindastofnanir og fiskar sendir utan til samanburðarrannsókna að ósk erlendra vísindamanna. Skrá um sjaldséðar fisktegundir árið 1987 birtist í 4. töl. Ægis árið 1988.

SKÝRSLUGERÐ VEIÐISKIPA

Haustið 1987 var lögð fram rannsóknáætlun um „Skýrslugerð veiðiskipa“ er miðaði að því að fá skipstjórnarmenn bátafloðans (og þann hluta skipstjórnarmanna togaraflotans er ekki skilar skýrslum) til að fylla út aflaskýrslur. Þegar áætlunin var gerð var hinsvegar ljóst að ekki fengist fé á fjárlögum til að kosta verkefnið. Stjórn Landsambands íslenskra útvegsmanna kynnti sér áætlunina og ákvað að styrkja verkið með 7 milljónum kr. framlagi sem dreifðist á þrjú ár. Skipuð var verkefnisstjórn í ársbyrjun 1988, en hana skipa Björn Ævarr Steinarsson, verkefnisstjóri, Gunnar Stefánsson, Ólafur Karvel Pálsson, Sigfús Jóhannesson og Sigfús A. Schopka. Sigfús Jóhannesson var ráðin í ársbyrjun 1988 til að vinna að verkefninu.

Útbúin voru eyðublöð fyrir fimm gerðir veiðarfæra: Línu, net, handfæri, botnvörpu og dragnót. Eyðublöðin voru sett upp í samráði við skipstjórnarmenn og skv. reynslu af svipuðum skýrslum frá öðrum veiðum. Tölvuskráð skipaskrá var fengin frá Fiskifélagi Íslands svo og kvótaskrá Sjávarútvegsráðuneytisins til að mynda gagnagrunn sem notaður var til að ákveða hvaða bátar fengju send eyðublöð og hvaða gerð eyðublaða væri rétt að senda hverjum einstökum báti. Í byrjun mars 1988 voru öllum bátum stærri en 10 tonn sem höfðu aflakvóta 1987, sendar ein eða fleiri gerðir eyðublaða, alls 460 bátum. Með eyðublöðunum var sent kynningarbréf þar sem mikilvægi slíkrar skýrslugerðar var tífundað, og boðið upp á úrvinnslu úr skýrslum er gæti orðið skipstjórnarmönnum að notum. Í apríl 1988 voru valdir 330 bátar af stærðinni 5–10 tonn í samráði við Félag smábátæigenda. Var

talið að eigendur þeirra báta, sem valdir voru hefðu lífsviðurværi af fiskveiðum. Eyðublöð voru send til þeirra um miðjan apríl.

Til að kynna verkefnið var farið á alla útgerðarstaði á landinu, talað við þá skipstjórnarmenn sem náðist í á hverjum stað, en skilið eftir bréf til hinna. Ferðir þessar voru farnar í apríl–maí á Suðvesturlandi en í maí–júlí í aðra landshluta.

Haldið hefur verið skilmerkilegt bókhald yfir báta er fengið hafa sendar dagbækur, hverjir hafa skilað, fylgst er með eigendaskiptum, breytingum á heimilsföngum og flutningi á milli landshluta.

Unnið hefur verið að gerð gagnagrunns fyrir verkið. Notað er gagnagrunnskerfið *Informix*. Gagnagrunnur þessi er nú tilbúinn til notkunar og innsláttur skýrslna hófst á árinu.

Alls hafa verið sendar afladagbækur til um 800 báta, einhver skil hafa komið frá um 330 bátum. Skýrslur þessar eru eins og gengur misjafnlega vel útfylltar, allt frá því að vera prýðisgóðar í það að vera allt að ónothæfar. Af þeim 800 bátum er fengu sendar skýrslur í upphafi reyndust um 100 bátar af einhverjum ástæðum ekki falla að verkefninu voru t.d. eingöngu á grásleppu, rækju eða loðnu, frístundaveiðum o.s.frv. Skil eru nú um 50%.

Fyrstu skýrslur voru sendar út er nokkuð var liðið á vetrarvertíð og því líklegt að skil á árinu 1988 mótist eitthvað af því. Verkefnisstjórn lítur svo á að við lok vetrarvertíðar 1989 verði komin full reynsla á hversu margir skipstjórnarmenn fáist til að taka þátt í verkefninu, en viðunandi árangur telst vart undir 60% skilum. Náist það markmið ekki, kemur til álita að reyna aðrar leiðir á vertíðinni 1990.

Prentuð var ný gerð togaradagbóka í samráði við Fiskifélag Íslands. Eyðublöðum var breytt lítillega frá því sem áður var og var beðið um nákvæmari staðsetningu toga, veður og botnhita.

STOFNMÆLING BOTNFISKA Á ÍSLANDSMIÐUM

Meginmarkmið þessa verkefnis er að meta stærð botnlægra fiskstofna, einkum þorsks, með aukinni nákvæmni og treysta þannig fiskifræðilegan þátt fiskveiðistjórnar.

Fjórdi leiðangur verkefnisins var farinn 6.–23. mars og var togað á 547 stöðvum umhverfis landið. Fimm togarar voru leigðir fyrir þennan leiðangur: Arnar HU 1, Bjartur NK 121, Ljósafell SU 70, Rauðinúpur PH 160 og Ólafur Bekkur ÓF 1. Þátttakendur í leiðangrinum voru 85 togarasjómenn og 25 starfsmenn Hafrannsóknastofnunar.

Gagnasöfnun fólst einkum í lengdarmælingum á 29 fisktegundum. Alls voru mældir um 284 þúsund fiskar, þar af 84 þúsund þorskar, 98 þúsund ýsur, 71 þúsund karfar og 39 þúsund skrápflúru. Kvarnasýnum til aldursgreininga var safnað af 11 tegundum alls 10.255 kvörnum. Sýnum var safnað til rannsókna á fæðunámi þorsks allt umhverfis landið. Auk þess var magainnihald þorsks mælt á hverri togstöð í alls 3.168 þorskum, í þeim tilgangi að kanna samband milli fæðumagns og fiskmagns. Þorskur var vigtaður á Norðurmiðum og Suðvesturmiðum til að kanna breytingar á ástandi fisksins frá einu ári til annars. Auk þessa voru skráðar margvíslegar upplýsingar varðandi tog, veiðarfæri og umhverfisþætti.

Fyrirliggjandi gögn hafa einkum verið skoðuð með tilliti til 5 stærstu fiskstofnanna, þ.e. þorsks, ýsu, karfa, steinbíts og skrápflúru. Stofnvísitölur þessara tegunda sýna mjög mismunandi nákvæmni (staðalfrávik). Stofnvísitölur ýsu og karfa hafa verið fremur breytilegar frá ári til árs og fremur ónákvæmar, eða með staðalfrávik upp á 9–20% hjá ýsu og 13–20% hjá karfa rannsóknatímabilið 1985–88. Stofnvísitölur steinbíts hafa sýnt 11–14% staðalfrávik, en vísitölur skrápflúru hafa reynst nákvæmastar með 6–8% staðalfrávik.

Stofnvísitölur þorsks hafa verið miðlungi nákvæmar miðað við fyrrnefndar fisktegundir eða 9–16% staðalfrávik. Ennfremur hefur komið í ljós að ýmsir þættir, svo sem dýpi, tími dags og botnhiti, eru marktækir í líkani stofnvísitalna og umhverfisþátta (ANCOVA). Ennfremur reyndist samband fæðumagns á stöð og fiskmagns marktækt, en með afar lága fylgni. Umrætt líkan hefur ekki verið fullreynt í þessu sambandi en þó má ætla að slíkt líkan aldursgreindra vísitalna og umhverfisþátta kunni að vera forsenda þess að unnt reynist að meta breytingar á stærð þorskstofnsins með viðunandi nákvæmni.

FÆÐURANNSÓKNIR

Á undanförunum árum hafa fæðurannsóknir einkum beinst að því að kanna langtímabreytingar í fæðunámi þorsks og var svo einnig á árinu 1988. Fæðusýnum var safnað þrisvar sinnum á árinu: Umhverfis land í stofnmælingu botnfiska í mars, fyrir norðan land og austan í október og á fiskimiðum togara fyrir Vestfjörðum í júlí.

Unnið var að samantekt gagna sem safnað var í leiðangri Walter Herwig 1985 við Austur Grænland um fæðu fiska og afrán á karfaseiðum. Tekin var saman ritgerð um þetta efni sem lögð var fram á fundi

Alþjóðahafrannsóknaráðsins um hrygningu og seiðarannsóknir í Bergen í október (sjá ritskrá).

Fæða þorsks á fyrsta sumri

Lokið var við úrvinnslu fæðusýna þorskseiða, sem safnað var sumarið 1985. Skrifuð var ritgerð um efnið, sem flutt var á fundi Alþjóðahafrannsóknaráðsins um hrygningu og seiðarannsóknir í Bergen í október. Vinnan var að hluta greidd með styrk úr Vísindasjóði 1987.

HVALRANNSÓKNIR

Eins og undanfarin ár beindust hvalrannsóknir stofnunarinnar fyrst og fremst að þeim tegundum, sem talist hafa til nytjahvala á undanförunum árum, þ.e. hrefnu, langreyði og sandreyði. Einnig var hugað að öðrum tegundum svo sem steypireyði, hnúfubak, háhyrningi og marsvínnum.

Árið 1986 tók gildi fjögurra ára áætlun stofnunarinnar um eflingu hvalrannsókna og fólst starfsemin að mestu í framkvæmd hennar. Eins og alþekkt er hefur áætlunin það að meginmarkmiði að afla sem haldbestar vitneskju um ástand og veiðipól hvalastofna við Ísland og um þátt stórra og smárra hvala í lífkeðjunni við landið. Rannsóknunum er ennfremur ætlað að vera framlag Íslands til heildarúttektar Alþjóðahvalveiðiráðsins (IWC) á hvalastofnum heims og grundvöllur að endurskoðun á tímabundinni veiðistöðvun, sem í gildi er fram til ársins 1990. Áætlunin skiptist í yfir 30 sjálfstæð verkefni og voru helstu viðfangsefnin á árinu þessi:

Líffræði nytjahvala

Samkvæmt sérstökum samstarfssamningi stofnunarinnar við Hval h.f. voru veiddar 68 langreyðar og 10 sandreyðar frá hvalstöðinni í Hvalfirði, þar sem tvö skip lönduðu. Vegna samkomulags við bandarísk stjórnvöld voru veidd nokkru færri dýr en til stóð. Ekki var gengið frá samningi við hrefnuveiðimenn um rannsóknaveiðar 1988 og því engar hrefnur veiddar á árinu.

Haldið var áfram reglubundnum athugunum á almennri líffræði, aldri og viðkomu stórhvala sem landað var í Hvalfirði og önnuðust starfsmenn stofnunarinnar sýnatöku úr öllum veiddum hvölum.

Áfram var haldið ítarlegri sýnatöku og athugunum er hófust 1986

og varða orkubúskap hvala. Tekin voru sýni til greiningar á orkuinnihaldi ýmissa vefja og lokið við efnagreiningu vefjasýna frá árunum 1986 og 1987. Prófaðar voru aðferðir til magnmælinga á magainnihaldi og tekin sýni af innihaldi maga og garna til efnagreiningar. Tengdar þessum orkubúskaparrannsóknum voru einnig ýmsar líffærafræðilegar mælingar ásamt vigtunum á 19 hvölum. Á árinu var aukið átak til fæðusýnatöku og mælinga á umhverfispáttum á hvalamiðunum og voru nú bæði hvalveiðiskipin útbúin til þessarar athugana. Markmið þeirra er að auka þekkingu okkar á þætti hvalanna í fæðukeðjunni og áhrif umhverfispátta á lífsskilyrði þeirra.

Þá var haldið áfram lífefnafræðilegum athugunum á erfðamörkum hvala (Blóðbankinn í Reykjavík), m.a. með nýjum aðferðum, sem ætlað er að varpa ljósi á greiningu hvalategunda í Norður Atlantshafi í aðskilda stofna. Hafnar voru athuganir á DNA (erfðaeftni) í stórhvölum, m.a. til þess að kanna möguleika á notkun svokallaðrar „DNA fingrafara“ aðferð, sem hugsanlega kann að gera kleift að þekkja einstaklinga hvern frá öðrum.

Áfram var safnað upplýsingum um samband afla og sóknar í langreyðarveiðinni til samanburðar við mælingar undanfarinna áratuga, en þar er metinn fjöldi leitarklukkustunda að baki hverjum veiddum hval, sem gefur til kynna hlutfallslegar breytingar á stofnstærð undanfarinna ára. Gerðar voru framhaldsathuganir á endurheimtum hvalmerkja í stórhvalaveiðinni, m.a. með tilliti til merkjataps og sambands merkinga- og endurheimtustaðsetningar. Í fyrsta sinni í sögu hvalmerkinga endurheimtist hvalmerki í langreyði er merkt hafði verið utan útbreiðslusvæðis Austur Grænlands/Íslands langreyðarstofnsins. Merkið var sett í langreyði út af austurströnd Kanada árið 1979.

Talningar hvala

Einn veigamesti þáttur rannsóknanna eru talningar hvala og áætlun stofnstærðar út frá þeim. Árið 1987 gekkst stofnunin fyrir umfangsmiklum talningum við strendur Íslands og á aðliggjandi hafsvæðum og voru niðurstöður þeirra kynntar í vísindanefnd Alþjóðahvalveiðiráðsins í maí 1988. Jafnframt tók stofnunin þátt í skipulagningu alþjóðlegra talninga á Norður Atlantshafi sumarið 1989. Er gert ráð fyrir að þrjú íslensk skip taki þátt í því verkefni.

Reglubundnar talningar á rannsókna- og hvalveiðiskipum fóru fram í júní, júlí og ágúst, en með því er stefnt að betri vitneskju um útbreiðslu og fjölda einstakra tegunda hér við land frá ári til árs. Hald-

ið var áfram þeim endurbótum á talningaaðferðum hvalveiðisjómannanna sem hófust 1986, og miða að því að gera gögnin betur fallin til beinna þéttleikaútreikninga á tilteknum svæðum.

Í júlí fóru fram tilraunir um borð í Hval 9 er beindust að því að meta líkur á að hvalir (fyrst og fremst hrefnur) sjáist ekki á leiðarlínu talningarskipa og var sérstakur útbúnaður settur upp í skipinu í þessum tilgangi. Á sama tíma og svæði fóru fram tilraunir úr flugvél til samanburðar og gögnum safnað um hlutfall dýra neðansjárvar þegar leitað er úr flugvél. Að lokum skal getið tilrauna á Faxaflóa í júlímánuði, þar sem hrefna var radíómerkt og atferli, einkum köfunarhegðun hennar, könnuð. Slík gögn eru mikilvæg við úrvinnslu annarra talningargagna og við mat á fjölda hvala á tilteknu svæði.

Háhyrningar og hnúfubakar

Á undanförunum árum hafa verið stundaðar rannsóknir á háhyrningum hér við land, sem m.a. hefur verið ætlað að meta fjölda þeirra og þátt í afráni á síld. Í október og nóvember 1988 var þessu verki haldið áfram um borð í síldveiðiskipi og háhyrningar ljósmyndaðir og taldir á Austfjörðum. Með greiningu ljósmynda er unnt að þekkja einstaklingana hvern frá öðrum og þannig að meta fjölda þeirra, rekja ferðir þeirra og bera saman háhyrninga hér og annars staðar í Norður Atlantshafi. Gert er ráð fyrir framhaldi þessara rannsókna á næstu árum, enda er samfella mjög mikilvæg í athugunum sem þessum. Lokið var útgáfu greinasafns um rannsóknir á háhyrningum í Norður Atlantshafi, sem stofnunin hefur annast í samvinnu við erlenda vísindamenn. Ritið er heildstætt greinasafn vísindamanna vestanhafs og austan um nýjustu upplýsingar er varða líffræði, útbreiðslu og veiðar á þessari hvalategund í Norður Atlantshafi.

Í nóvember og desember varð vart hnúfubaka á loðnumiðum norðanlands. Nokkur brögð voru að því að dýrin festust í loðnunótum eða trufluðu veiðar á annan hátt. Stofnunin sendi mann á miðin til að kanna aðstæður og umkvartanir sjómanna, m.a. með það í huga að leita leiða til að koma í veg fyrir sýnilegan skaða.

Reknir hvalir og netadauði

Stofnunin fylgist jafnan með fregnum af reknum hvölum eða hvölum er ganga lifandi á land, því þar er oft að finna nær einasta möguleikann til að afla gagna um líffræði viðkomandi tegundar. Einnig hafa borist upplýsingar um hvali er druknað hafa í veiðarfærum

skipa. Eftir því sem unnt reynist fara starfsmenn stofnunarinnar á vettvang. Stofnunin þakkar þeim fjölmörgu einstaklingum, sem sent hafa upplýsingar um hvalaströnd á árinu. Jafnframt skal vakin athygli á mikilvægi þess að fréttir af þessu tagi berist stofnuninni fljótt svo unnt sé að skoða dýrin í sem ferskustu ástandi.

— Í febrúar 1988 bárust stofnuninni fregnir af búrvalsstrandi við Holtsós undir Eyjafjöllum. Þann 19. maí 1988 fóru starfsmenn stofnunarinnar á staðinn og mældu dýrið og tóku sýni eins og unnt var, en hræið var illa rotíð.

— 23. mars fannst 17-18 m búrvalstarfur rekinn í Eyvindarfirði á Ströndum. Stofnuninni bárust myndir af dýrinu.

— 26. maí rak u.þ.b. 5 m langan hval við Vík í Mýrdal. Heimildarmaður taldi að um andarnefjukú væri að ræða.

— 26. maí tilkynntu skipverjar á Herjólfu um dauðt stórhveli á floti vestur af Elliðaey.

— 1. júní var tilkynnt um strandaðan búrvalstarf við Grindavík. Teknar voru ljósmyndir af dýrinu sem var mjög rotíð.

— 1. júní rak 7-8 m langan hrefnutarf á fjöru í Garði í Gerðahreppi, en dýrið var dregið á haf út stuttu síðar.

— 10. júní rak 6.6 m hrefnutarf á land á Álftanesi í Bessastaðahreppi. Dýrið var mælt og tekin úr því sýni af starfsmönnum stofnunarinnar. Hugsanlega hefur hér verið um sama dýr að ræða og það sem rak í Garði 1. júní.

— 15. júní athuguðu starfsmenn stofnunarinnar marsvín, sem rekið hafði á land við Pýril í Hvalfirði. Dýrið var kvenkyns, 4.31 m að lengd og talsvert rotíð, sem torveldaði krufningu þess.

— 20. júní gekk hnýðingur lifandi á land á Sólheimafjöru, en dýrið var mjög þrekað og var óhjákvæmilegt að aflífa það.

— Um miðjan ágúst skodaði starfsmaður stofnunarinnar leifar um 8 m langrar andarnefju, er rekið hafði á land 1-2 mánuðum fyrir í landi Ytri-Tungu á Snæfellsnesi.

— 4. júlí rak 7.94 m andarnefjutarf á Skarðsströnd í Dalasýslu. Stofnuninni bárust myndir og mælingar á dýrinu.

— 4.-6. september synti andarnefja ítrekað á land við Akranes og í Reykjavík. Dýrið strandaði fyrst 4. september á Akranesi en var dregið út af björgunarsveit staðarins. Í birtingu daginn eftir var andarnefjan enn gengin á land og stóðu björgunaraðgerðir yfir allan þann dag. Þann 6. september sást að því er virðist sama dýrið á sundi við

Sundahöfn í Reykjavík og að kvöldi sama dags strandaði andarnefja (líklega sama) í Reykjavíkurhöfn, en var stökkt á flot.

— 22. september kom 24-25 feta hrefnutarfur í þorskanet í Vatnesál í Húnaflóa.

— 5. október fékk netabáturinn Kristján 6.20 m hrefnutarf í netin í Faxaflóa. Dýrið var flutt til Reykjavíkur, krufið og mælt.

— 8. október kom 7.20 m hrefnutarfur í net hjá Sigrúnu RE 16 í Faxaflóa. Dýrið var krufið og mælt í Reykjavík.

— 12. október fannst dauð andarnefja á floti í Reykjavíkurhöfn. Dýrið var 6.37 m að lengd (tarfur), og var vigtað og mælt af starfsmönnum stofnunar, en rotnun hamlaði sýnatöku. Ekki er ólíklegt að þetta sé sama dýrið og var á sveimi við höfnina 6. september.

— 15. október rak 5.15 m langa hrefnu við Ólafsvík.

— 9. desember rak hnýðing á land við Seleyri í Borgarfirði. Dýrið barst stofnuninni í fersku ástandi til krufningar. Þetta var 2.16 m langur tarfur.


Úrvinnsla og skipulagning

Haldið var áfram reiknifræðilegum athugunum á stofnum hvala í samvinnu við Reiknifræðistofu Raunvísindadeildar Háskóla Íslands m.a. með tilliti til bættrar stjórnunar veiða.

Úrvinnsla gagna fór annars að mestu fram á stofnuninni, en einnig í samvinnu við innlenda og erlenda rannsóknaraðila. Unnið var m.a. að heildarúttekt á öllum líffræðilegum upplýsingum um veiddar langreyðar og sandreyðar allt frá árinu 1967 og hafa gögnin nú verið gerð tölvutæk og er úrvinnsla á lokastigi. Leitast er við að vinna jafnóðum úr öllum þeim sýnum og upplýsingum, sem safnað er í tengslum við veiðarnar, en þess ber að gæta, að mörg verkefna eru hluti langtímarannsóknna, sem ekki skila árangri fyrir en að nokkrum árum liðnum.

Alþjóðleg samvinna

Eins og undanfarin ár hafði stofnunin forgöngu um útvegum sýna og aðstöðu til vettvangsrannsóknna fyrir erlenda vísindamenn. Sérfræðingar stofnunarinnar tóku þátt í störfum vísindanefndar Alþjóðahvalveiðiráðsins eins og undanfarin ár, þar sem niðurstöður rannsóknanna eru jafnóðum kynntar og ræddar.



Í tilraunum hefur komið í ljós að neðri hliðin á lúðunum, sem yfirleitt er hvít í náttúrunni, verður grá eða jafnvel svört undir börðunum. — Ljós.: Björn Björnsson.

ELDI SJÁVARLÍFVERA

Tilraunaeldisstöð

Lokið var við smíði tilraunaeldisstöðvar á Stað við Grindavík. Stöðin var formlega opnuð af sjávarútvegsráðherra 2. nóvember að viðstöddu fjölmenni. Þar er aðstaða til margs konar tilrauna með sjávarlífverur og á árinu hófust eldistilraunir á lúðu, laxi, ýsu og sæeyra. Starfsmenn stöðvarinnar eru þrír.

Lúða

Haldið var áfram tilraunum með eldi á lúðu í samvinnu við Íslandslax h.f. og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins með styrk frá Rannsóknarráði ríkisins. Í mars hófst tilraun með mismunandi þéttleika. Lúðan var flokkuð í tvo stærðarhópa (meðalþyngd 1.8 og 3.2 kg) og hvorum hóp skipt niður á þrjú ker með um 10, 20 og 30 kg/m² í hverju. Í desember var mesti þéttleikinn orðinn um 54 kg/m² og vöxturinn u.þ.b. fjórðungi minni en við minnsta þéttleikann. Niður-

stöðurnar benda til þess að unnt sé að vera með mikið magn af lúðu á hverja flatareiningu í eldi.

Á árinu fékk Hafrannsóknastofnunin ásamt tilraunaeldisstöðinni í Austevoll og Næringarrannsóknastofnuninni í Bergen styrk frá Nordisk Industrifond til rannsókna á lúðuedli. Styrkurinn er til þriggja ára og nemur alls þrem milljónum norskra króna. Verkaskiptingin verður þannig að í tilraunaeldisstöðinni í Austevoll munu fara fram ýmsar tilraunir með klak og seiðaeldi sem miða að því að þróa aðferðir til að framleiða lúðuseiði í stórum stíl, en í tilraunaeldisstöð Hafrannsóknastofnunarinnar verða gerðar ýmsar tilraunir með smálúðu sem aflað hefur verið með veiðum. Þær tilraunir miða að því að finna hvaða aðstæður henta best við matfiskeldi á lúðu og afla lífræðilegra upplýsinga sem komið geta að gagni við mat á arðsemi lúðuedlis. Fyrstu tilraunir munu m.a. beinast að því að finna heppilegt fóður og kanna hvernig vaxtarhraði og fóðurnýting breytist með hitastigi.

Í tilraunum hefur komið í ljós að neðri hliðin á lúðunum, sem yfirleitt er hvít í náttúrunni, verður grá eða jafnvel svört undir börðunum (sjá mynd á bls. 40). Miklar líkur eru á að markaðsverð sé lægra fyrir slíkan fisk. Því er mikilvægt að finna leiðir til að koma í veg fyrir að eldislúðan dökkni á þennan hátt. Fyrirhugaðar eru ýmsar tilraunir með áhrif birtu og undirlags á lit lúðunnar.

Lax

Tvær tilraunir á laxi hófust í tilraunaeldisstöðinni á árinu. Önnur er könnun á áhrifum hráefnisgæða á fiskafóður. Dr. Jónas Bjarnason Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er ábyrgðarmaður hennar. Hin tilraunin felst í samanburði á tveim laxastofnum. Annars vegar íslenskum stofni og hins vegar norskum eldislaxi. Verður einkum borinn saman vaxtarhraði og kynþroski hjá þessum tveim stofnum til að kanna á vísindalegan hátt þá staðhæfingu eldismanna að norskur eldislaxinn henti betur til eldis en sá íslenski. Dr. Stefán Aðalsteinsson Rannsóknastofnun landbúnaðarins er ábyrgðarmaður tilraunarinnar.

Ýsa

Því hefur oft verið haldið fram að ýsa, sem sleppur í gegnum trollmöskva, skaddist svo mikið að megnið af henni drepist og því sé réttlæt看legt að leyfa veiðar með smærri möskva á helstu ýsumiðum. Á vegum Hafrannsóknastofnunar hófust tilraunir í stöðinni sem miða að því að komast að hinu sanna í þessu máli.

Sæeyra


Í september hófst í stöðinni reynslufóðrun á sæeyra, *Haliotis refuscens* (e. red abalone). Sæeyrað er verðmætur sækudungur sem lifir við strendur Kaliforníu. Dýrið er matreitt á ýmsa vegu og þykir mikill veislumatur í Bandaríkjunum, Japan og víðar. Á síðustu öld og við upphaf þessarar var mikið veitt af sæeyra í Kaliforníu af köfurum. Eftir að sæoturinn var friðaður og stofnstærð hans jókst fór veiði á sæeyra minnkandi en sæoturinn étur mikið af þessum kuðungi.

Með minnkandi framboði hefur eftirspurn og verð aukist mjög og þar með er sæeyrað orðið áhugavert eldisdýr. Á allra síðustu árum hefur slíkt eldi hafist í smáum stíl í Kaliforníu. Ingvar Níelsson verkfræðingur, sem er ábyrgðarmaður verkefnisins, vinnur í samstarfi við Íslenska álfélagið h.f. og fyrirtæki í Kaliforníu, sem ræktar sæeyru, að þessu verkefni. Í tilraunum er haldið kjörhitastigi sem er 14.5 °C og fóðrað með íslenskum þarategundum. Fyrstu niðurstöður eru mjög jákvæðar.

VEIÐARFÆRI

Á árinu var lokið við rannsóknir á kjörhæfni leggpoka með 155 mm riðli. Þær rannsóknir fóru fram á rs. Dröfn í apríl og rs. Bjarna Sæmundssyni í júní. Gengið var frá lokaskýrslu til stjórnvalda um þessar rannsóknir og skrifaðar um þær greinar og flutt um þær erindi bæði hér heima og á veiðarfæraráðstefnu í St. John's á Nýfundnalandi þar sem einnig var sýnt stutt myndband, sem sérstaklega var útbúið í þessu skyni. Þessar rannsóknir hafa sýnt fram á, að unnt er að draga verulega úr smáfiskadrápi en það kostar, að óþægilega mikið sleppur af nýtanlegum fiski.

Leggpokinn kom hins vegar mun betur út í tilraunum sem gerðar voru á haustvertíð við rækjuveiðar í Ísafjarðardjúpi og Húnaflóa. Með því að nota leggpokann fékkst ekki nema lítil hluti af þeim fiskseiðum, sem fengust í venjulega poka, auk þess sem mjög dró úr veiði á smárri eins árs rækju en sá árangur er gífurlega mikill. Á grundvelli þessara athugana voru veiðileyfi bundin því skilyrði, að leggpoki yrði notaður við veiðarnar bæði í Ísafjarðardjúpi og Húnaflóa. Nokkrir rækjusjómenn við Húnaflóa höfðu reyndar sjálfviljugir hafið notkun leggpoka áður en notkun hans var gerð að skilyrði. Vegna minni seiðagengdar og stærri rækju í Arnarfirði hefur notkun leggpoka ekki verið skilyrt þar en sjómenn hafa þó að eigin frumkvæði sett leggpoka



Nedansjávarmyndavél. — Ljós.: Guðni Þorsteinsson.

á trollin bæði til að fá stærri og verðmeiri rækju og einnig til að losna við kræðu.

Í apríl voru þorskanet og lína og hegðun fisks gagnvart þessum veiðarfærum athuguð með sjónvarpsmyndavél í eigu Stefáns Hjartarsonar í Reykjavík. Ekki vannst tími til að vinna úr þeim athyglisverðu upptökum sem gerðar voru í þessum leiðangri á árinu.

Í júní var haldið áfram að athuga og betrubæta íslensk togaratroll á rs. Bjarna Sæmundssyni. Athuganirnar voru gerðar með sjónvarps-tækjum Netagerðar Vestfjarða og í samvinnu við það fyrirtæki og Hampiðjuna h.f. Þær trollgerðir, sem þróaðar voru á þennan hátt, hafa töluvert verið teknar í notkun og reynst vel. Myndband, sem nefnist „Nýjar og betri botnvörpur“, var gert um þessar rannsóknir.

Í ágúst gekkst Hampiðjan h.f. fyrir tilraunum með trolllíkön í veiðarfæratankinum í Hirtshals. Margir skipstjórnar- og netagerðarmenn tóku þátt í þessum athugunum auk starfsmanns frá Hafrannsóknastofnun.

Töluverð vinna var lögð í fræðslumál netagerðar ekki síst varðandi

endurskoðun námsskrár og undirbúning skipulegrar kennslu. Að beiðni Rannsóknaráðs ríkisins var lagt mat á línuvélersamstæðu Hafsýnar h.f.

Að venju var nokkuð um slitþolsprófanir nets og aðrar athuganir á garni og neti m.a. úr fiskeldiskvíum. Seinast á árinu var hafist handa um endurskoðun á reglugerð um lágmarksmöskvastærð og möskvamælingu.

Reiknideild

Á sviði reiknimála var langmest unnið að þrem stórum verkefnum. Ber fyrst að nefna undirbúning og framkvæmd vinnufundar um aðferðir við stofnstærðarmat, sem haldinn var á vegum Hafrannsóknastofnunar í júlí 1988. Fundinn sátu 36 manns frá 12 löndum og þótti takast mjög vel enda höfðu fundarmenn aðgang að öllum tölvubúnaði stofnunarinnar og hafði undirbúningur staðið í marga mánuði við að gera gögn vinnsluhæf og setja upp forrit.

Áfram var haldið vinnu við reiknilíkon fyrir veiðiskýrslur og voru fyrstu niðurstöður kynntar á fundi Alþjóðahafrannsóknarráðsins í október. Þær lofa góðu, bæði hvað varðar samband við stofnstærð og ýmsa aðra túlkun gagna.

Ný reikniaðferð var fundin til að prófa áhrif mismunandi gagnasöfnunaraðferða á gæði niðurstaðna, svo sem meðallengd, hlutfall í aldursflokki o.s.frv. Fyrstu prófanir leiddu í ljós að ýmsar vinsælar hugmyndir um hvernig best sé að safna kvarnasýnum o.fl. eigi ekki alltaf við rök að styðjast. Ljóst er að söfnunaraðferðir þær, sem eru algengastar erlendis, eru ekki alltaf hentugastar hér.

Á sviði tölvumála ber hæst að staðarnet stofnunarinnar var stækkað til muna með því að bæta við vinnustöðvum og diskarými. Stór hluti vinnu á vegum deildarinnar fólst í uppsetningu á hinum nýju vinnustöðvum. Stefnt er að því að losa alla vinnslu af fyrri móðurtölvu stofnunarinnar yfir á vinnustöðvanetið. Móðurtölvun verður síðan sett um borð í Árna Friðriksson og mun þar gegna sama hlutverki og tilsvarendi tölva í Bjarna Sæmundssyni, þ.e. við innslátt gagna, aflestur af tækjum og fyrstu úrvinnslu gagna.

Vinnustöðvanetið gerir að verkum að einfalt er að stækka í áföngum og aðeins þar sem skórin kreppir hverju sinni. Þannig er t. d. unnt að bæta við stakri vinnustöð, sem er sérhönnuð fyrir reiknivinnu, án þess að þurfa að borga um leið fyrir diskapláss o.fl., sem nauðsynlegt er ef ein móðurtölva er notuð og þarf að skipta um heilt kerfi. Eins og áður hefur stofnunin sem næst eingöngu tölvur með UNIX stýrikerfinu, en það gerir kleift að kaupa búnað frá mun fleiri framleiðendum en ella, og þannig er unnt að fá tilboð frá mörgum aðilum þegar nýjar fjárfestingar eru nauðsynlegar. Vegna þessarar uppbyggingar reyndist unnt að festa kaup á mjög öflugum reiknibúnaði, fyrir miklu lægri fjárhæð en hefur áður þekktst hérlendis.

Hafrannsóknastofnunin er eins og áður einn aðaltengiliður íslenskra rannsóknar- og þróunaraðila fyrir tölvupóst við útlönd, gegnum tengingu stofnunarinnar við tölvunet evrópskra UNIX notenda, EUNET, um gagnanet Pósts og síma.

Útibú Hafrannsóknastofnunarinnar

ÚTIBÚ ÓLAFSVÍK

Gagnasöfnun í útibúinu fór fram á svipaðan hátt og árið 1987. Sýni voru tekin úr afla, bæði af bolfiski og rækju.

Útibússtjóraskipti urðu á árinu. Ólafur V. Einarsson sem verið hafði útibússtjóri frá stofnun útibúsins hætti störfum 30. apríl og hélt til starfa hjá Þróunarsamvinnustofnun Íslands við verkefni í Malawi og víðar í Afríku. Við útibúinu tók María Maack, líffræðingur og stjórnaði því til 30. september. Síðan hefur verið útibússtjóralaus í Ólafsvík og engin starfsemi á vegum útibúsins.

ÚTIBÚ ÍSAFIRÐI

Gagnasöfnun í útibúinu var með líku sniði og undanfarin ár. Leitast var við að dreifa sýnatökunni þannig að sem best yfirlit fengist yfir aldurs- og lengdardreifingu fiska og annarra sjávardýra, sem landað er við Djúp. Við alla sýnatöku er reynt að fá sem gleggstar upplýsingar um veiðistað og veiðarfæri.

Í samvinnu við verkefnastjórn var unnið að gerð handbóka um stofnmælingu úthafsraekju og innfjarðarækju.

Á vegum útibúsins var farið í fimm leiðangra á árinu. Í febrúar fór fram hefðbundin vorkönnun rækjumiða í Ísafjarðardjúpi og Arnarfirði á heimabátum. Haustkönnun fór fram á rs. Dröfn í Arnarfirði og Ísafjarðardjúpi í október. Stofnmæling rækju í Ísafjarðardjúpi var endurtekin í nóvember á mb. Sigrúnu.

Í lok október var gerður samanburður á leggþoka og síðupoka við rækjuveiðar á tveim heimabátum við Djúp. Tilgangurinn var að kanna hvort gerlegt væri að draga úr smárækjudrápi með því að nota leggþoka og hugsanlega einnig að fækka seiðum í rækjuafli. Niðurstöður voru sláandi jákvæðar. Í kjölfar þessara rannsókna var samþykkt að leggþoki yrði gerður að skilyrði á komandi vertíð í Djúpi. Arnfirðingar tóku hann upp af sjálfisdáðum.

Hafsvæðið „Norður af Patró“ austur undan Hala hefur löngum þótt áhugavert sem hugsanleg rækju-slóð. Í júní var ætlunin að kanna

þetta svæði allt vestur að Dohrnbanka á rs. Árna Friðrikssyni. Vegna hafíss var allt leitarsvæðið lokað meginhluta leitartímans. Loks þegar ís rak af slóðinni hamlaði veðurofsi markvissri leit. Þann tíma sem ísinn þakti leitarslóðina var unnið við stofnmælingarannsóknir á úthafsraekju, sem var annar megintilgangur leiðangursins.

ÚTIBÚ HÚSAVÍK

Söfnun gagna um nytjafiska var stór þáttur í starfsemi útibúsins. Hér er um að ræða gögn sem m.a. eru notuð við stofnstærðarmat (V.P.-greiningu) viðkomandi fiskstofna. Sýni voru tekin úr lönduðum afla og úr flestum gerðum veiðarfæra, en sérstök áhersla var lögð á að fylgjast með afla dagróðrabáta. Aflasýni voru lengdarmæld úr þeim veiðarfærum sem mest voru notuð hverju sinni.

Hlutdeild útibúsins í rækjurannsóknum stofnunarinnar var töluverð, en það hefur komið í þess hlut að sjá um könnun rækjumiða í Húnaflóa, Skagafirði og Öxarfirði. Á árinu voru farnir tveir leiðangrar til könnunar rækjumiða á hverju þessara svæða. Auk þess tók útibússtjóri þátt í ýmsum öðrum rækjuleiðöngurum stofnunarinnar.

Haldið var áfram rannsóknum á hringormum í síld og var sýnum af smásíld safnað úr Húnaflóa og Öxarfirði. Þá voru og hafnar rannsóknir á selormafjölda í marhnút, m.a. með það í huga hvort marhnútur gæti verið hentug fisktegund til að fylgjast með breytingum á selormasýkingu almennt. Kanadamenn leggja nú mikla áherslu á rannsóknir á selormi og sótti útibússtjóri, í boði þeirra, ráðstefnu í Halifax um líffræði og vistfræði selormsins. Auk þess sem að framan er getið var haldið áfram að safna gögnum um sníkjudýr sjávardýra almennt.

ÚTIBÚ HÖFN Í HORNAFIRÐI

Eins og undanfarin ár, var gagnasöfnun stærsti þátturinn í starfi útibúsins. Kvarnað, mælt og kyngreint var samkvæmt áætlun um gagnasöfnun á þorski, ýsu, ufsa, steinbít, skarkola og humri. Vel tókst að fylgja þeirri áætlun í öllum aðalatriðum. Þá voru einnig tekin sýni úr síldar- og loðnuafli á hefðbundinn hátt. Engri rækju var landað á Höfn á árinu.

Farið var í fjóra leiðangra, bæði á rannsókna- og fiskiskipum, til

eftirlits og gagnasöfnunar. Þá var safnað þorskhrögnum og lifur til stofngerðarrannsókna.

Útibúinu bárust sjö merktir fiskar og tuttugu sjaldséðir fiskar, þar af flestir lýrar.

Mælt var saltinnihald í saltsíld og fita í ferskri síld fyrir Síldarútvegsnefnd og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og nokkur sýni efna- greind fyrir Fiskimjölsverksmiðju Hornafjarðar.


ÚTIBÚ VESTMANNAEYJUM

Gagnasöfnun útibúsins var framkvæmd eftir áætlun um gagnasöfnun, sem gerð var í byrjun ársins. Auk mælinga á þorski, ýsu og úfsa, var safnað gögnum um humar-, loðnu-, síld- og langlúruveiðar.

Farnir voru þrír leiðangrar vegna verkefnisins „Friðun við Heimaey“ á togbátum frá Vestmannaeyjum. Tilgangur verkefnisins er að kanna fiskimið innan þriggja sjómílna friðunarmarka umhverfis Eyjarnar. Helstu niðurstöður sýndu, að mjög lítil fiskur var á svæðinu.

Vegna verkefnisins „Aldurs- og lengdardreifing þorsks og ýsu í Reynisdýpi“ var farinn einn leiðangur í október. Ágætis gögn náðust í þessum leiðangri. Tilgangur þessa verkefnis er að athuga hvort lengdar- og aldursdreifing þorsks og ýsu á svæðinu sé frábrugðinn því sem reynst hefur á öðrum miðum fyrir Suðurlandi. Fyrstu niðurstöður eru athyglisverðar.

Í samvinnu við sérfræðinga á Hafrannsóknastofnun var unnið að verkefni sem miðar að því að safna upplýsingum um líffræði langlúru þ.á.m. hrygningu og hrygningartíma. Einn leiðangur var farinn í þessu skyni.



Uppblásinn Bongoháfur, sem notaður er við söfnun á átu. — Ljósni.: Svend-Aage Malmberg.



Straummælir innbyrtur á jarðhitasvæðinu við Kolbeinsey. — Ljósni.: Svend-Aage Malmberg.

Rekstrarreikningur Hafrannsóknastofnunarinnar (Fjárhæðir í heilum krónum).

| Nr. | Heiti viðfangsefnis | Gjöld umfram tekjur | Laun | Önnur gjöld án eignak. | Eignakaup | Tilfærslur | Sértekjur |
|-------|---------------------------------------|---------------------|-------------|------------------------|-----------|------------|------------|
| 1 | Rekstur: | 248.650.255 | 191.420.684 | 123.531.189 | 1.883.319 | 1.130.644 | 69.315.581 |
| 10101 | Yfirstjórn | 16.381.056 | 6.700.166 | 9.878.497 | 16.358 | | 213.965 |
| 10102 | Bókasafn | 5.429.105 | 2.128.906 | 3.299.451 | 18.700 | | 17.952 |
| 10103 | Reiknideild | 14.496.887 | 9.583.659 | 5.425.699 | 147.529 | | 660.000 |
| 10104 | Rekstur húseignar | 8.605.720 | | 8.605.720 | | | |
| 11001 | Sjó- og vistfræðisvið | 23.709.126 | 22.811.601 | 3.584.259 | 20.410 | | 2.707.144 |
| 11002 | Nytjastofnasvið | 52.697.384 | 50.076.098 | 2.591.707 | 294.899 | | 265.320 |
| 11051 | Söfnun og eldi á smálúðu + | 737.682 | 1.374.087 | 5.178.225 | 1.015.794 | | 8.305.788 |
| 11053 | Kúfiskrannsóknir | 50.176 | | 50.176 | | | |
| 11054 | Aflaskýrslur | 58.285 | 1.696.560 | 1.016.887 | | | 2.771.732 |
| 11055 | Hörpudiskeldi | 4.556 | 941.267 | 304.177 | 50.000 | | 1.300.000 |
| 11056 | Vísindasjósst. S.E.J.O. + | 1.250.000 | | | | | 1.250.000 |
| 11057 | Veðurfar/sjávarhiti | 41.762 | 106.762 | | | | 65.000 |
| 11101 | Raftæknideild | 5.885.218 | 4.005.377 | 1.849.190 | 30.651 | | |
| 12001 | Útibú Húsavík | 2.489.576 | 1.977.645 | 496.618 | 15.313 | | |
| 12101 | Útibú Höfn, Hornaf. | 1.374.759 | 1.171.902 | 388.083 | 15.276 | | 502 |
| 12201 | Útibú Ísafirði | 2.611.631 | 2.328.948 | 637.323 | | | 354.640 |
| 12301 | Útibú Ólafsvík | 1.967.882 | 1.495.765 | 472.117 | | | |
| 12401 | Útibú Vestmannaeyjum | 2.262.534 | 1.998.435 | 248.493 | 16.040 | | 434 |
| 13101 | Bjarni Sæmundsson | 29.769.168 | 25.339.639 | 7.711.398 | | | 3.281.869 |
| 13201 | Árni Friðriksson | 33.381.061 | 24.988.153 | 13.084.362 | 138.957 | | 4.830.411 |
| 13301 | Dröfn | 17.676.334 | 17.761.357 | 6.593.612 | | | 6.678.635 |
| 13601 | Veidarfærakostnaður | 12.473.567 | 3.866.198 | 11.088.304 | 19.065 | | 2.500.000 |
| 13801 | Haþþór | 14.796.897 | | | | | 14.796.897 |
| 13901 | Annar skiparekstur | 26.818.985 | 2.916.788 | 23.902.197 | | | |
| 14001 | Hvalarannsóknir | 246.960 | 5.380.338 | 8.901.437 | 29.375 | 980.644 | 15.538.754 |
| 14101 | Fiskeldi í Grindavík | 2.950.137 | 1.687.018 | 1.089.319 | 23.800 | 150.000 | |
| 14151 | Norrænt lúðuverkefni | 133.070 | 564.902 | 449.666 | | | 881.498 |
| 14152 | Reynslufóðrun á sæeyra | 413.891 | 308.689 | 374.050 | 31.152 | | 300.000 |
| 15001 | Alþjóðlegt samstarf GSP | 3.925.606 | 210.424 | 6.310.222 | | | 2.595.040 |
| 5 | Viðhald | 23.939.373 | | 24.576.681 | | | 637.308 |
| 51001 | Sjó- og vistfr.sv., viðhald | 566.922 | | 566.922 | | | |
| 51002 | Nytjastofnasvið, viðhald | 87.668 | | 87.668 | | | |
| 53101 | Bjarni Sæmundss., viðh. | 11.134.156 | | 11.216.394 | | | 82.238 |
| 53201 | Árni Friðrikss., viðhald | 5.981.393 | | 6.164.780 | | | 183.387 |
| 53401 | Dröfn, viðhald | 6.169.234 | | 6.540.917 | | | 371.683 |
| 6 | Stofnkostnaður | 20.423.069 | | 36.629.973 | | | 16.206.904 |
| 60101 | Yfirstjórn, tækjabúnaður | 42.560 | | 42.560 | | | |
| 60103 | Reiknideild, tækjab. | 7.114.963 | | 7.114.963 | | | |
| 61001 | Sjó- og vistfr.sv., tækjab. | 5.960.150 | | 5.960.150 | | | |
| 61002 | Nytjastofnasvið, tækjab. | 1.346.381 | | 1.346.381 | | | |

| Nr. | Heiti viðfangsefnis | Gjöld umfram tekjur | Laun | Önnur gjöld án eignak. | Eignakaup | Tilfærslur | Sértekjur |
|-------|-----------------------------------|---------------------|--------------------|------------------------|-------------------|------------------|-------------------|
| 61054 | Aflaskýrslur tækjabún. | 652.000 | | | 652.000 | | |
| 61101 | Raftæknideild, tækjab. | 1.123.991 | | | 1.123.991 | | |
| 62201 | Útibú Ísafirði tækjab. | 18.820 | | | 18.820 | | |
| 62401 | Útibú Vestmannaeyjum | 49.420 | | | 49.420 | | |
| 62901 | Tilraunaeldishús | 392.148 | | | 15.814.756 | | 16.206.904 |
| 63101 | Bjarni Sæmundss., tækjab. | 1.754.974 | | | 1.754.974 | | |
| 63201 | Árni Friðrikss., tækjab. | 999.369 | | | 999.369 | | |
| 63301 | Dröfn, tækjabúnaður | 654.785 | | | 654.785 | | |
| 63901 | Annar skipar., tækjab. | 44.235 | | | 44.235 | | |
| 64001 | Hvalaranns., tækjab. | 611.523 | | | 611.523 | | |
| 64101 | Fiskeldi í Grindavík | 442.046 | | | 442.046 | | |
| | Alls | 293.012.697 | 191.420.684 | 148.107.870 | 38.513.292 | 1.130.644 | 86.159.793 |

English Summary

The hydrographic conditions of the seas around Iceland were surveyed four times during 1988. Continuing favourable conditions were observed off the south and west coasts but off the north and east coasts the conditions were less favourable.

In cooperation with Danish colleagues an oceanographic survey was carried out in the area between Iceland and Jan Mayen as a part of a multinational work - „Greenland Sea Project“ (GSP) 1987-1992.

Longtime sea temperature measurements in the Irminger Current off the west and northwest coasts of Iceland were continued.

Continuous sea temperature measurements were carried out at some 17 sites around the country, mostly in conjunction with growing mariculture interests.

In cooperation with the Lamont-Doherty Geological Observatory the investigation of the flow of CO₂ between the atmosphere and the sea was continued. Work on the series of underwater photography collected in 1987 in cooperation with the BBC and the Woods Hole Oceanographic Institution were continued.

Work was continued on seismic and sediment data from different areas and surveys in this respect were carried out in four separate areas.

Spring measurements of primary production of phytoplankton were undertaken all around Iceland. Incubator measurements of the response of phytoplankton to different light regimes were carried out as often as possible.

The distribution and density of zooplankton in Icelandic shelf waters was investigated in May-June. Also work was continued on the distribution and density of euphausiids on important fishing and whaling grounds.

Ecological investigation on the plankton communities of Ísafjardardjúp, northwest Iceland, commencing 1987, was continued until February 1988.

Samples were collected from shrimp catches in order to monitor the state of the stock in each fishing area. Samples from research surveys were analysed and stock abundance estimated from shrimp density and distribution in coastal fishing areas. Exploratory fishing was carried out off west, southwest and east Iceland.

Surveys of *Nephrops* were carried out in May. Data on catch composition and catch per unit of effort were used in stock assessment analysis of *Nephrops*.

Experimental farming of *Chlamys islandica* started in spring.

Sampling and exploratory fishing continued on the crab, *Hyas araneus* and whelk, *Buccinum undatum*.

Routine investigation on the distribution and abundance of O-group fish were carried out in August. The abundance of O-group cod and haddock was low but O-group capelin and redfish showed high abundance index.

The distribution and abundance of Icelandic summer spawning herring was measured by the acoustic method in two surveys. The fishable stock was measured in January and both fishable stock and immature herring in November.

Nematode infection in herring was investigated in 1988.

An acoustic abundance estimate of the fishable stock of capelin was obtained in October. Recommendation for TAC was based on this survey.

Data on haddock were gathered in fishing ports, at branch laboratories, by fisheries inspectors and during the groundfish survey in March.

In 1988 the MRI began to record the catch according to fishing gear of all vessels. Thus everybody responsible for a fishing vessel has to fill out monthly a certain data form and forward it to the MRI.

No surveys were directed at Greenland halibut during the year. Age and length data along with catch per unit of effort from trawlers were used for stock assessments.

In March a groundfish survey was carried out on 5 stern trawlers, involving some 547 sampling stations down to 500 m depth all around Iceland. This project was initiated in 1985 and gives a fishery independent database for various groundfish stocks, including cod, haddock, redfish, wolffish, plaice and halibut.

The exploratory Danish seine fishery for witch that started in 1986 and continued very successfully in 1987 has now turned into an im-

portant fishery off the south coast of Iceland. During June the area between Ingólfshöfði and Snæfellsnes was surveyed and material collected. During the survey a total of 698 witch were tagged. This is the first tagging experiment on this species in Icelandic waters.

As usual the collection of lumpfish data was carried out in close co-operation with fishermen.

Increased attention was paid to some deep water species by surveys on blue ling, ling, tusk, grenadier and silver smelt.

Routine sampling of redfish data in the groundfish survey and commercial landings were continued.

As usual a record was kept on the occurrence of new and rare species inside the 200 mile limits around Iceland.

A comprehensive four year whale research project that was started in 1986 was continued. The project included 30 separate studies.

